



Stafrænar myndavélar
MP3 spilarar
Hljómtæki

WM
straumur

Silfurgötu 5 • Sími 456 3321

**FULL BÚÐ AF NÝJUM
ÚTIVISTARVÖRUM!**

Hafnarbúðin
Sími 456 3245



Afgreiðsla
Landsbankans
í Neista er opin
fimmtudaga og
föstudaga
frá kl. 16-19

 Landsbankinn
Sími 410 8119



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Miðvikudagur 19. maí 2004 • 20. tbl. • 21. árg.

**Menn
voru
aldrei
nógu
sterkir fyrir
alþýðuna**

– segir Torfhildur Torfadóttur
á Ísafirði sem verður 100 ára í næstu
viku ef Guð lofar. Sjá miðopnu



Fiskvinnslan Kambur hf., á Flateyri tekur á móti nýjum krókaaflahámarksbáti

Nýr Gáski leysir eldri bát af hólmi

Fiskvinnslan Kambur hf. á Flateyri tók á móti nýjum krókaaflahámarksbáti, Kristjáni ÍS-816, á laugardag. Um er að ræða 15 tonna Gáska 1180 frá bátasmiðjunni Mótun sem mun leysa af hólmi eldri og minni bát frá sama framleiðanda.

„Þetta er mikil breyting frá þessum 6 tonna bátum sem við höfum verið á og gefur mikið meiri möguleika“, segir Hinrik Kristjánsson, framkvæmdastjóri Kambs. Báturinn reyndist vel á siglingunni til Flateyrar og náð mjög góðum ganghraða að sögn Hinriks enda búinn 650 hestafla vél.



Skipstjóri verður Atli Freyr Kjartansson en með honum rær Guðjón Hermannsson. Hinrik segir bátinn verða klár- an á sjóinn á morgun og haldi til veiða um leið og gefi. Frekari endurnýjun er framundan í skipastóli Flateyringa því Kambur fær afhentan annan bát sömu gerðar og Kristján eftir mánuð. – kristinn@bb.is



Forsvarsmenn Kambs og áhöfnin taka á móti Kristjáni ÍS í Flateyrahöfn. Guðjón Hermannsson, Ingibjörg Kristjánsdóttir, Atli Freyr Kjartansson, Kristjana Hinriksdóttir, Hinrik Kristjánsson, Steinþór Bjarni Kristjánsson, Hildur Halldórsdóttir. Á minni myndinni sést Kristján ÍS við komuna til Flateyrar.

SAMKAUP

Opið:
Virka daga 09-21
Laugard. 10-21
Sunnud. 12-21

SAMKAUP
...gæði og forðgæði!!

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460



SKIP OG BÍLL - HEILDARLAUSN Í FLUTNINGUM

Flytjandi
- 24 tímabil á dag -

EIMSKIP
GREIÐ LEIÐ

Mokstur ekki á dagskrá

Jón Hörður Elíasson, rekstrarstjóri Vegagerðarinnar á Hólmavík, segir ekki á dagskrá í bili að hefja mokstur á Þorska-fjarðarheiði en hann kann-aði ástand þar fyrir stuttu. „Það er ekki mikill snjór á heiðinni en hins vegar er mikil bleyta og því hefur það enga þýðingu að opna hana fyrr en hún hefur þornað meira“, segir Jón Hörður. Hann segir að í venjulegu árferði opnist heiðin yfirleitt um mánað-armótin maí-júní. Kulda-kastið í þarsíðustu viku hafi seinkað opnunartíma sumarvega nokkuð og því sé erfitt að segja til um það hvenær vegurinn um Þorska-fjarðarheiði verði opnaður en vonandi verði það fljótlega.

Hafa fengið 5,3 milljónir

Gamla apótekið á Ísafirði hefur á undanförunum ár-um fengið 5,3 milljónir í styrki úr sjóðum á vegum heilbrigðisráðuneytisins. Þetta kemur fram í svari Jóns Kristjánssonar heilbrigðisráðherra við fyrir-spurn Valdimars L. Frið-rikssonar (S) á Alþingi. Á árunum 1999-2003 fékk Gamla apótekið 3,3 millj-ónir króna í styrki úr For-varnarsjóði til starfsem-innar. Alls úthlutaði For-varnarsjóður á þessum ár-um 365,5 milljónum króna til ýmissa verkefna á sviði forvarnarmála á land-inu. Einnig fékk Gamla apótekið 2 milljónir í styrk af ýmsum safnliðum ráðu-neytisins á sama tíma.

Halda ársfund á Ísafirði

Björn Helgason, íþrótt- og æskulýðsfulltrúi Ísa-fjarðarbæjar, hefur fengið heimild bæjarráðs Ísa-fjarðarbæjar til þess að bjóða til ársfundar sam-taka íþrótt-, æskulýðs-, og tómstundafulltrúa á Ís-landi á næsta ári. Í bréfi Björns til bæjarráðs kem-ur fram að samtökin verði tuttugu ára á næsta ári en þau voru stofnuð á Ísafirði 14. maí 1985. Í því ljósi og þess að hann muni láta af störfum á því ári hafi samtökin lýst áhuga sínum á þinghaldi á Ísafirði. Í bréfinu er kostnaðaráætl-un vegna fundarins. Þar er gert ráð fyrir 50 gestum og er heildarkostnaður bæjar-félagsins því áætlaður um 500 þúsund krónur. Í bókun bæjarráðs kemur fram að ráðið samþykki heimild til þinghaldsins en geri fyrirvara hvað varðar kostnaðaráætlun.

Salvar Baldursson oddviti hreppsnefndar Súðavíkurhrepps

Lætur af störfum í sveitarstjórn vegna anna við bústörf

Salvar Baldursson oddviti hreppsnefndar Súðavíkurhrepps óskaði á síðasta fundi sveitarstjórnar eftir lausn frá störfum út yfirstandandi kjörtímabil. Féllst sveitarstjórnin á ósk hans. Í samtali við blaðið

sagði Salvar að hann hefði tek-ið þessa ákvörðun vegna anna við bú sitt í Vigur. Á síðasta hausti varð sú breyting í Vigur að Björn bróðir Salvars flutti úr eyjunni til Ísafjarðar ásamt fjölskyldu sinni og eru Salvar

og kona hans Huguína því ein ábúendur í Vigur. „Þessi breyting gerir það að verkum að ég á erfiðara með að komast frá því auðvitað er þetta ekki eins og að hoppa uppí bíl að fara á fundi héðan.

Því gat ég ekki sinnt sveitarstjórnarstörfunum á þann hátt sem ég tel nauðsynlegt að gera og því var ekki um annað að ræða en að óska leyfis frá störf-um“, sagði Salvar. Salvar hefur setið sem aðal-

maður í sveitarstjórn síðan 1996 og verið oddviti með hlé-um síðan 1998. Jón Grétar Kristjánsson varaoddviti mun gegna starfi oddvita þar til regluleg kosning oddvita fer fram í júní. – [hj@bb.is](#)

Póls hf., á Ísafirði

Gerði tvær stór-ar sölug í Brussel

Forsvarsmenn Póls hf. á Ísafirði eru ánægðir með ár-angurinn á sjávarútvegssýn-ingunni í Brussel sem haldin var fyrir skemmstu. Fyrirtækið vakti mikla athygli og sýnir það sig helst í tveimur sölu-samningum sem gerðir voru fyrir hátt í 20 milljónir króna.

Póls sýndi tvær gerðir sam-valsvela og fóru báðar beint af sýningarbásnum til kaupenda. Hörður Ingólfsson, hjá Póls, segir að í heildina hafi viðtökur verið mjög góðar. Meðal gesta á sýningunni var Árni M. Mathiessen, sjáv-arútvegsráðherra.



Sýningabás Póls hf. á sjávarútvegssýningunni í Brussel.

Stórgrýti féll niður í fjöru á Óshlíð

Eins og sjá á má á meðfylg-andi mynd er þetta grjót sem féll niður fyrir veg á Óshlíð milli Ísafjarðar og Bolungar-víkur í síðustu viku engin smá-vala og ljóst að Jónas Guð-mundsson, sýslumaður í Bol-ungarvík, má sín lítils gegn því þrátt fyrir veraldleg um-boð. Geir Sigurðsson, rekstrar-stjóri Vegagerðarinnar á Ísa-firði, segir grjóthrun á Óshlíð tíðast á vorin þegar frost er að fara úr jörðu og að grjótið sé í stærra lagi. Eins og vegfar-endur þekkja er grjóthrun nokkuð títt á Óshlíð og hefur m.a. verið komið upp sérstök-um girðingum til varnar þeim sem leið eiga um.

– [thelma@bb.is](#)



Greinilega má sjá stærðarmuninn á grjótinu og Jónasi Guðmundssyni sýslumanni í Bolungarvík.

Magnús Reynir Guðmundsson, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ

Verið að kæfa landbúnað í skriffinnsku

Magnús Reynir Guðmunds-son, bæjarfulltrúi Frjálslyndra og óháðra í Ísafjarðarbæ, segir að verið sé að kæfa sauðfjár-búskap í skriffinnsku og smá-munasemi með nýrri gjaldskrá fyrir sérstakt búfjárefirlit. Þór-ir Örn Guðmundsson, starfs-maður landbúnaðarnefndar, segir aðeins um eðlilega gjald-töku af þeim sem trassa að skila inn skýrslum. Á fundi bæjarstjórnar fyrir stuttu var tekin til umræðu gjaldskrá sem landbúnaðar-

nefnd bæjarins samþykkti fyrir skömmu um sérstakt búfjár-efirlit. Að sögn Þóris Arnar er með gjaldskránni verið að reyna að tryggja skil á skýrsl-um frá sauðfjاربændum. Allir sauðfjاربændur fá heimsókn búfjárefirlitsmanns einu sinni á ári hið minnsta. Þá ber bænd-um að hafa lokið gerð búfjár-skýrslna. Flestir bændur skila þessum skýrslum á réttum tíma því annars falla niður beingreiðslur til þeirra. Að sögn Þóris Arnar er hinsvegar

alengt að þeir sem ekki fá beingreiðslur trassi gerð skýr-slna. Því þarf búfjárefirlits-maður að fara oft til þeirra og fyrir þær heimsóknir verður í framtíðinni innheimt fimm þúsund króna gjald. Við umræður um gjald-skrána lagði Magnús Reynir fram svohljóðandi bókun: „Er alfarið á móti þeirri gjaldtöku sem gert er ráð fyrir skv. gjald-skrá fyrir sérstakt búfjárefirlit á búfjárefirlitssvæði 10, sbr. 5. lið fundargerðar landbúnað-

arnefndar frá 14. apríl s.l. 62. fundur. Tel tímagjald ósann-gjarnt og íþyngjandi fyrir þá einstaklinga, sem stunda sauð-fjاربúskap í Ísafjarðarbæ sér til hagsbóta og ánægju.“ Aðspurður hvort ekki væri eðlilegt að þeir greiði aukalega sem ekki skila inn skýrslum sagði Magnús Reynir svo ekki vera. „Þarna er verið að setja á fót mjög hátt tímagjald sem leggst að mestu á bændur með lítil bú og einnig svokallaða frístundabændur. Það er verið

að kæfa landbúnaðinn í skrif-finnsku og mér finnst algjör-lega ástæðulaust að Ísafjarðar-bær taki þátt í því að kæfa þessa atvinnugrein endanlega. Hér um slóðir eru margir sem drýgja tekjur sínar með búskap og mér finnst forkastanlegt að leggja stein í götu þess fólks með gjaldskrá sem þessari“, sagði Magnús Reynir. Gjaldskráin var samþykkt í bæjarstjórn með sex atkvæð-um gegn einu. – [hj@bb.is](#)

Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar

Stjórnvöld rög við að beita pólitísku afli til góðs utan höfuðborgarinnar

„Mér hefur þótt sem íslensk stjórnvöld séu rög við að beita pólitísku afli í þeim tilgangi að leyfa fleiri landsvæðum en höfuðborgarsvæðinu að njóta góðs af efnahagslegum margfeldisáhrifum opinberrar stjórnsýslu“, segir Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar í viðtali í nýjasta tölublaði Sveitarstjórnarmála.

Hún er ósátt við stöðu sam-



Birna Lárusdóttir.

gangna í fjórðungnum. „Við verðum að átta okkur á því að nú er árið 2004 og ekki hægt að líða lengur að einn landshluti sitji eftir hvað samgöngumálin varðar. Við eru ennþá aftur í forneskju í vegamálum ef við berum okkur saman við aðra landshluta en við teljum að við náum vopnum okkar á ný ef stefna stjórnvalda um byggðakjarna nær fram að ganga“, segir Birna.

Í byggðaaætlun Alþingis er kveðið á um að á Íslandi verði byggðir upp þrír byggðakjarnar utan höfuðborgarsvæðisins, á Akureyri, Mið-Austurlandi og á Ísafirði. „Í mínum huga er algjört lykilatriði að vestfirskir sveitarstjórnamenn standi saman við forgangsriðun framkvæmda sem er unnin af heimamönnum“, sagði Birna Lárusdóttir.

– thelma@bb.is

Ágúst og Flosi ehf.

Sækja um lóð á Suðurtanga

Byggingafyrirtækið Ágúst og Flosi ehf. á Ísafirði hefur sótt um lóð undir starfsemi fyrirtækisins á Suðurtanga. Lóðin, sem er við Sindragötu 18, er rúmir 5.000 fermetrar að stærð og er leyfi til byggingar um 2.000 fermetra húss á henni.

Að sögn Björgmundar Arnar Guðmundssonar, byggingartækni- og fræðings og

eins eiganda Ágústar og Flosa ehf., hefur fyrirtækið um nokkurt skeið leitað að húsnæði undir starfsemi sem nú er á fimm stöðum. „Því miður höfum við ekki fundið húsnæði sem hentar fjölbreyttri starfsemi fyrirtækisins og því höfum við tekið þá ákvörðun að stefna að nýbyggingu“, sagði Björgmundur

– hj@bb.is

Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi

Líkar ekki frumvarp um sóknardagabáta

Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi segir frumvarp sjávarútvegsráðherra um sóknardagabáta ekki vera sér að skapi, að því er fram kemur á fréttavef Morgunblaðsins. Hann segir pólitísku spurninguna snúast um hvort vilji væri fyrir því að hafa sóknardagakerfi áfram og

hann svari því játandi. Skiptar skoðanir voru á frumvarpinu þegar Árni M. Matthíesen mælti fyrir því við 1. umræðu á Alþingi.

Jón Bjarnason, þingmaður Vinstri grænna í Norðvesturkjördæmi, sagði sóknardagabáta hafa gríðarlega þýðingu fyrir strandbyggðirnar og menningu sem hefði fylgt



fiskeiði á grunnslóð og nú væri vegið að þeim þætti. Jóhann Ársælsson, þingmaður Samfylkingarinnar í Norðvest-

urkjördæmi sagði að frumvarpið bæri klárlega með sér endalok sóknardagakerfisins.

Sumir gengu enn lengra og sagði Magnús Þór Hafsteins-son, þingmaður Frjálslynda flokksins í Suðurkjördæmi, að frumvarpið væri svo slæmt að hann verkjaði í augun, 17. maí 2004 væri svartur dagur í fiskeiðisögu þjóðarinnar.

Guðjón Hjörleifsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi og formaður

sjávarútvegsnefndar, sagði mikinn ágreining hafa verið um sóknardagabáta í árunna rás og vonandi linnti honum ef frumvarpið næði fram að ganga. Sóknardagakerfið skipitir miklu máli fyrir hagsmuni íbúa Norðvesturkjördæmis enda er stærstum hluta afla bátanna landað í kjördæminu.

– kristinn@bb.is

Uppgræðsla varnargarðsins við Seljaland

Vesturvélar ehf. áttu lægsta gilda tilboð

Vesturvélar ehf. í Súðavík reyndust eiga lægsta gilda tilboðið í uppgræðslu snjóflóðavarnargarðs við Seljaland í Skutulsfirði. Fyrirtækið bauð kr. 24.979.525 og er það um hálfu prósentu stigi yfir kostnaðaráætlun verkkaupa sem hljóðaði upp á kr. 24.836.500. Þrír verk-takar skiluðu inn tilboði í verkið og voru þau opnuð hjá Ríkiskaupum 4. maí.

Af innsendum tilboðum reyndist Ásel ehf. á Ísafirði vera lægst með kr. 17.544.300 eða 70,6% af kostnaðaráætlun og næst lægstir voru Hólmar Guðmundsson í Mosfellsbæ og Jarðkraftur ehf. í Kópavogi sem buðu kr. 19.062.250 eða 76,7% af kostnaðaráætlun. Tilboðin töldust hins vegar bæði ógild. Að sögn Sigurðar Mar Óskarssonar, bæjartækni-fræðings Ísafjarðarbæjar, hef-

ur verið gengið til samninga við Vesturvélar.

Um er að ræða uppgræðslu á 650 metra löngum garði, samsvarandi flóðafarvegi og 14 keilum auk uppgræðslu raskaðs svæðis, alls um 15 hektara. Verkinu skal lokið fyrir 1. september árið 2006 en áburðargjöf skal viðhaldið til ársins 2007.

– kristinn@bb.is

„Harpa hafsins“ afhjúpuð á sjómannadaginn

Nú er að hefjast smíði stöðpuls skammt innan við íþróttavellina á Torfnesi undir styttna „Harpa hafsins“ og er stefnt að því að verkið verði afhjúpað á sjómannadag. Í ræðu sem Þorsteinn Pálsson sendiherra og fyrrverandi forsætisráðherra hélt á Ísafirði þegar minnst var 100 ára afmælis vélvæðingar bátaútgerðar á Íslandi tilkynnti hann að Sögufélag Ísfirðinga hefði ákveðið í samráði við afkomendur frumherjanna að reistur yrði minnisvarði um þenn-

an merka viðburð í sögu þjóðarinnar. Fyrir valinu varð verkið „Harpa hafsins“ eftir Svanhildi Sigurðardóttur myndhöggvara. Verkið hefur nú verið steipt í brons með patínu sem gefur verkinu blágrænan lit og einnig ver patínan verkið veðrun af völdum sjávarseltu. Verkinu hefur verið valinn staður, að ósk Sögufélagsins, innan við íþróttavellina á Torfnesi milli Vallartúns og Skutulsfjarðarbrautar. Í síðustu viku hófst gróftur fyrir stöpli verksins og að

sögn Jóns Páls Halldórs-sonar, formanns Sögufélags Ísfirðinga, er stefnt að því að afhjúpa verkið á sjómannadag.

Verkið er um þrír metrar á hæð og um tveir metrar að breidd. Hæð stöðpulsins verður hálfur annar meter. Mun verkið því njóta sín vel á þessum stað og verður það áberandi þegar keyrt er í bæinn eins og sagði í bréfi Sögufélagsins þegar óskað var leyfis fyrir staðsetningu höggmyndarinnar.

– hj@bb.is

Finnbogi tekur við starfi safnvarðar í Ósvör

Finnbogi Bernódusson hefur fallist á að taka að sér starf safnvarðar í Ósvör í sumar. Undanfarna daga hafa fulltrúar menningar-ráðs Bolungarvíkur verið í viðræðum við einstaklinga í Bolungarvík vegna safnvörslu í Ósvör og í kjölfarið mælir menningarráðið með því að Finnbogi verði ráðinn í starfið. Fyrr í vetur var orðið ljóst að Geir Guðmundsson, sem gegnt hefur

starfinu um árabíl, sá sér ekki fært að halda áfram og var þá auglýst eftir nýjum safnverði en án árangurs.

Menningarráðið fagnar því að Finnbogi skuli vera tilbúinn til að taka að sér safnvörsluna, eins og segir í bókun, og leggur til að bæjaryfirvöld gangi nú þegar til samninga við hann. Sömu leiðis er lagt til að Finnbogi hefji störf strax, þar sem ferðamenn séu þegar farnir að heimsækja Ósvör.



Finnbogi Bernódusson.



Safnið í Ósvör við Bolungarvík er endurbyggð verbúð og vinsæll ferðamannastaður.

60 ára ferm- ingarafmæli

Árgangur 1930 á Ísafirði fagnaði í síðustu viku, 60 ára fermingarafmæli sínu. Fermingarbörnin sem gengu til altaris á lýðveldisárinu 1944 komu saman í Ísafjarðarkirkju á föstudag og tók ljósmyndari blaðsins mynd af þeim við það tækifæri. Eins og sjá má eru um fríðan hóp að ræða og má þekkja mörg kunnugleg andlit úr bæjarlífinu á Ísafirði og jafnvel þjóðlífinu. Hópurinn gerði sér glaðan dag vegna tímamótanna, skoðaði sig um í bænum og fór í skoðunarferð um Vigur í Ísafjarðardjúpi.

– thelma@bb.is



Fermingarsystkinin sem gengu til altaris á Ísafirði árið 1944.



VEGNA FRÁBÆRRA UNDIRTEKTA ENDURTÖKUM VIÐ

GRÍSKT KVÖLD

HÓTEL ÍSAFIRÐI FÖSTUDAGINN

21. MAÍ KL. 19:30

LIFANDI GRÍSK TÓNLIST Í
HÖNDUM OLAVI KÖRRE OG
SIGURÐAR FRÍÐRIKS
LÚÐVÍKSSONAR
INGIBJÖRG INGADÓTTIR
KYNNIR TÓNLIST,
MENNINGU OG MAT

Grískur matur á hlaðbord
Meðal rétta sem í boði verða:
Bakaliaros (saltfiskur)
Moussaka (ofnréttur)
Souvlaki (lambakjöt á teini)
Tomates yemistes (fyllt grænmeti)
Yiahni (kartöfluréttur)
Fakes (linsubaunasúpa)
Skorðalía (hvítlaukskartöflu sósa)
Tsatsiki (jógurtsósa)

Grísk rauðvín í boði ásamt
þjóðardrykknum Ouzo

Verð á mann kr. 2.800,-
Borðapantanir í síma 456 4111

SKG
veitingar



Lögreglan skemmtir sér

Á föstudagskvöld kom hópur fyrrverandi og núverandi lögreglumanna úr lögregluliði Ísafjarðar saman í húsi Orkubús Vestfjarða í Engidal og gerðu sér glaðan dag. Komu menn víða að af landinu og var grillað lambakjöt og fleira góðgæti borðað og drukkið. Ekki er að efa að margar skemmtilegar sögur hafa verið rifjaðar upp úr störfum lögreglunnar. Auk lögreglumannanna voru í hópnum fyrrverandi og núverandi fulltrúar sýslumannsins á Ísafirði. Ljósmyndari blaðsins kom við þegar hátíðin stóð sem hæst og tók meðfylgjandi myndir. Fleiri myndir munu birtast á svipmyndum á bb.is í vikunni.

– hj@bb.is



Guðmundur Halldórsson, formaður Smábátafélagsins Eldingar

Sex þúsund tonna afli í húfi fyrir Vestfirðinga

Guðmundur Halldórsson, formaður smábátafélagsins, Eldingar á norðanverðum Vestfjörðum segir 6.000 tonna afla vera í húfi fyrir Vestfirðinga ef sóknardögum smábáta verði breytt í kvóta. Eins og kunnugt er hafa skakkbátar víða af landinu róið frá Vestfjörðum yfir sumartímann og fært mikinn afla á land. Samkvæmt samantekt Eldingar sem byggð er á gögnum Fiskistofu lönduðu sóknardagabátar t.d. 1.600 tonnum í Bolungarvík á síðasta fiskveiðiári, rúmum 800 tonnum á Patreksfirði, tæpum 400 tonnum á Tálknafirði, lið-

lega 300 tonnum á Flateyri og tæplega 1.200 tonnum á Suðureyri.

Guðmundur segir um stórkostlegt byggðamál að ræða. „Kvótasetningin þýðir að aðkomubátarnir hætta að koma á þessa staði sem best liggja við miðunum og mestar aflaheimildir hafa verið flutta frá.“ Hann segir að erfitt yrði að vinna upp aflatapið af dagabátunum enda myndi það hlaupa á milljörðum ef ætti að kaupa inn í svæðið samsvarandi aflaheimildir eins og dæmin sýni. Hann segist eiga erfitt með að trúa því að þing-



Guðmundur Halldórsson.

menn NV-kjördæmis samþykki breytinguna enda hafi t.d. 78% afla sóknardagabátana komið á land í kjördæminu á fiskveiðiárinu 2001 til 2002.

„Ég trúi því ekki að Einar Kristinn og Kristinn H. samþykkti að senda 1.600 tonn frá Bolungarvík á einu bretti og 6.000 tonn frá Vestfjörðum.“ Aðspurður um hvaða öfl knýi á um afnám sóknardagakerfisins segir hann Landsamband íslenskra útvegsmanna eiga hlut að máli. „Það er alltaf sama sagan. Sjávarútvegsráðherra situr í ráðuneytinu að

nafninu til og það er LÍÚ sem stjórnar þessu. Þar eru bara beinhardir peningamenn í peningabissnes og þeim er andskotans sama um byggð í landinu“, segir Guðmundur.

Aðspurður um hvort aðilar innan smábátaútgerðarinnar sæktust eftir kvóta segir hann þær raddir aldrei hafa heyrst opinskátt innan samtaka smábátamanna. „Það voru sögur um að 100 af 300 bátum væru að biðja um kvótasetningu en því hefur aldrei verið framvísað – það kom líka til af því það tifuðu yfir mönnum lög um að fækka dögnum og

sumir af þessum mönnum vildu frekar kvóta en að tapa dögnum. Einhverjir horfðu á þetta út frá beinhörðum peningasjónarmiðum og hugsuðu bara um sig enda myndi kvótasetningin færa mönnum stórfé upp í hendurnar.“

Guðmundur segir öll aðildarfélög Landssambands smábátaeigenda hafa ályktað gegn kvóta og raddir um kvótasetningu hafi aldrei komið fram á landsfundum samtakanna. „Þetta er byggðamál en ekki mál einstakra manna. Sóknardagarnir eru eina frelsið“, sagði Guðmundur.

Mjólkursamlag Ísfirðinga 40 ára

Mjólkursamlag Ísfirðinga fagnaði 40 ára afmæli á föstudag en fyrirtækið var stofnað 14. maí 1964. Fyrirtækið varð þá sjálfstætt og að öllu leyti í eigu bænda. Í tilefni dagsins var mjólkurframleiðendum mjólkursamlagsins boðið í kaffi og var glatt á hjalla í mjólkurstöðinni, að sögn Halldórs G. Guðlaugssonar, framleiðslustjóri MÍ. Veitt voru verðlaun fyrir úrvalsmjólk og fengu þrír framleiðendur verðlaun fyrir gæðamjólk í fyrsta flokki á árinu 2003. Þeir eru Sighvatur Þórarinnsson og Kristín Á. Arnórsdóttir, á Höfða í Dýrafirði, Steingrímur Jónsson og Katrín Sigtryggsdóttir, Efri Engidal í Skutulsfirði, og Högni Jónsson og Sunna Reyrr Sigurjónsdóttir, frá Ósi Bolungarvík.

– thelma@bb.is



Mjólkurframleiðendur áttu góðan dag í mjólkurstöðinni.

Skíðasvæðið í Tungudal undirbúið fyrir snjóléttari tíð

Björn Helgason, íþróttafulltrúi Ísafjarðarbæjar, og Jóhann Torfason, forstöðumaður skíðasvæðis Ísfirðinga, vinna nú að tillögum sem miða að því að auka notkunarmöguleika skíðasvæðisins í Tungudal í snjóléttari tíð eins og verið hefur undanfarin ár. Björn Helgason, íþróttafulltrúi, segir að niðurstöðurnar verði kynntar fyrir íþrótt- og æskulýðsnefnd í þessari viku. Hann segir enn fremur að í framhaldinu kunni að verða gert ráð fyrir úrbótum við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs í haust.

Vegslóði liggur fram Seljalandsdal og er verið að kanna hvort hægt sé að lagfæra hann þannig að skíðamenn geti ekið fram á Háubrunn og rennt sér þaðan í Miðfellslyftu, sem stendur efst og innst þriggja lyfta á svæðinu, en reynslan hefur sýnt að nægur snjór getur verið í efri hlutanum þó snjólaut sé í þeim neðri. Hugmyndin kom upp hjá íþrótt- og æskulýðsnefnd í vetur sem fól Birni að vinna að framgangi málsins.

Björn segir skíðaáhugamenn ekki vilja sitja auðum höndum og biðja eftir snjópungum vetrum heldur finna lausn á málinu. „Ætli fari svo ekki að snjóa á fullu um leið og verður búið að gera einhverjar ráðstafanir en það væri náttúrlega besta mál“, sagði Björn.

– kristinn@bb.is

Neil Shiran Þórisson markaðsráðgjafi Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða:

Markmiðið að virkja sem flesta við mótun stefnu í atvinnnumálum

Neil Shiran Þórisson, markaðsráðgjafi Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, segir markmiðið að virkja sem flesta, bæði úr atvinnulífinu og grasrótinni, við mótun stefnu í atvinnnumálum fyrir Ísafjarðarbæ. Stefnumótunin sem nú er í bígerð er ætlað að gilda fyrir

næstu fimm árin og kemur í framhaldi af stefnumótun sem unnin var á árunum 1998 og 1999 og gildi til 2003.

Skipaðir verða átta vinnuhópar sem munu fjalla um fiskvinnslu og útgerð, ferðaþjónustu, stjórnsýslu og kynningu Ísafjarðarbæjar, verslun og

þjónustu, menntun og rannsóknir, iðnað og tækni, landbúnað og matvælaframleiðslu, og menningu og íþróttir. Atvinnumálanefnd Ísafjarðarbæjar stendur fyrir stefnumótuninni en Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða verður faglegur úrvinnsluaðili.

Shiran segir ætlunina að nýta sem mest niðurstöður atvinnulífskönnunar sem framkvæmd var af Ísafjarðarbæ í haust og jafnvel verði aflað nýrra upplýsinga um stöðu atvinnulífsins í hverri grein fyrir sig. Þetta er í annað sinn sem stefnumótun af þessu tagi er

unnin fyrir Ísafjarðarbæ og segir Shiran að nú sé byggt á reynslu sem fengist hafi af fyrri stefnumótun. Í lok stefnumótunarvinnunnar verði búið til formlegt teymi sem muni halda utan um eftirfylgni með stefnumótuninni og leggja mat á árangur.

„Það er verið að reyna setja upp farveg til að fá fram þær áherslur sem atvinnulífið og áhugamenn leggja fyrir og síðan þarf að fylgja þeim eftir. Áhersla verður lögð á mælanleika þeirra markmiða sem verða sett fram“, sagði Shiran.

– kristinn@bb.is

ritstjórnargrein

Er leikið á hörpu?

Í upphafi skyldi endirinn skoða er heilræði sem margur lætur sér fátt um finnast enda erum við Íslendingar sennilega flestum öðrum þjóðum, sem eitthvað mega sín, menn líðandi dags þar sem lífsmottóinu „þetta reddast“ er ætlað að sjá fyrir morgun- deginum. Á haustdögum kváðu galvaskir formenn þingflokka stjórnarliðsins stjórnina mæta samhenta til þings með stjórn- arsáttmála, sem birtast myndi í pólitískum spegli. Horfur voru eins og best varð á kosið. Hvergi tása á hinum pólitíska himni.

Á þessum tímamarki sagði BB í leiðara: „Fjölmargir nýir þingmenn taka nú sæti á Alþingi. Margt af þessu fólki sýnist dugmikið og áræðið. Fyrirheit margra þeirra vekja vonir um nýja sýn á samfélaginu.“ Engan veginn er sanngjarnt að slá neinu föstu um burði hinna nýju þingmanna eftir svo skamman tíma. Áhyggjuefni er engu að síður, að með eftirfarandi tilvitnun í sama leiðara: „reynslan sýnir (þó) að strax og meðgöngutími þingmanna að ráðherradómi hefst hættir þeim til að falla fyrir flokkshollustunni“, virðist fátt hafa verið ofsagt.

Atgangurinn á Alþingi undanfarna daga er með þeim ein- dæmum að samjöfnuður verður ekki auðfundinn. Er þó af nógu að taka úr þeirri smiðju. Hvað sem orðavali einstakra þingmanna líður er öllu alvarlegra að óvild virðist ríkja milli forseta lýð- veldisins og forsætisráðherra. Breytir þar fáu þótt reynt sé að telja almenningi trú um annað með sérstöku þagnarsambandi þessara aðila eða áratuga gömlum badmintonsögum. Hvaða afstöðu sem menn kunna að hafa til forsetans, eða embættisins, og forsætisráðherrans, er stríðsástandið sem ríkt hefur undan- farið hrein og klár lítilsvirðing við fólkið í landinu, ekki bara þá sem komið hafa þessum mönnum til æðstu metorða, heldur allri þjóðinni.

Fjölmíðlafrumvarpið skekur þjóðfélagið. Trauðir liðsmenn draga vagninn. Mótmælum rignir yfir dag hvern.

Enn eitt flippið í smábátakerfinu er í uppsiglingu. Skattalækk- un til almennings orðin að bitbeini; hverjir komast á verðlauna- pallinn?. Áformuð fækkun starfsfólks á spítölunum fyllir ekki út í sparnaðarráðgjafi; það verður að loka deildum, tímabundið. Mikil fátækt er sögð í höfuðborg nægtaþjóðfélagsins. Góðærið þekkti sína ef marka má skýrslu sem unnin var af undirmönnum fjögurra ráðherra.

Á meðan þessi mál og ótal önnur brenna á þegnum þjóð- félagsins logar Alþingi í illdeilum.

Skyldi einhver vera leika á hörpu?

s.h.

orðrétt af netinu

Lagasetning á fjölmiðla

Fyrirtækið Norðurljós er umrætt í allri fjölmiðlaumræðunni. Þar háttar svo til að fyrir tækið er með yfirburðastöðu á sínu sviði. Skv. upplýsingum úr gögnum sem bárust Allsherjarnefnd Alþingis þá er hlutdeild fyrirtækisins í frjálsum fjölmiðlarekstri nær 2/3 eða 63%. Ráðandi eigandi fyrirtækisins er síðan Baugur, eða tengd fyrirtæki, sem hefur slíka yfirburðastöðu á neytendavörumarkaði að varla verður nokkurs staðar til jafnað.

Með öðrum orðum. Aðilinn sem heldur utan um budduna sem fjármagnar auglýsingarnar í landinu ræður líka mestu um fjölmiðla- reksturinn. Ekki bara með því hvert hann kys að beina auglýsinga- magninu, heldur einnig með eignarhaldi sínu.

Er það veruleiki af þessu tagi sem viljum að sé um aldur og ævi í landinu? Er þetta dæmi um það samkeppnisumhverfi sem við viljum bjóða atvinnulífina í landinu? Telja menn að við slíkar að- stæður sé hægt að stunda frjálsa samkeppni á því mikilvæga svæði sem fjölmiðlamarkaðurinn er?

ekg.is – Einar K. Guðfinnsson

Útgefandi: H-prent ehf., Sölgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 · **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is · **Blaðamenn:** Kristinn Hermannsson, sími 863 1623, kristinn@bb.is – Halldór Jónsson, sími 892 2132, hj@bb.is – Thelma Hjaltadóttir, sími 849 8699, thelma@bb.is · **Ritstjóri netútgáfu:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is · **Auglýs- ingar:** Steingrímur Rúnar Guðmundsson, sími 896 0035, denni@bb.is · **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 250 eintakið með vsk. Áskriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. ISSN 1670 - 021X



Starfsfólk útibús Landsbanka Íslands á Ísafirði á 100 ára afmælinu.

Útibú Landsbanka Íslands á Ísafirði fagnaði aldarafmæli á laugardag

Mikið um dýrðir í tilefni afmælisins

Undir lok síðustu viku var mikið um dýrðir hjá útibúi Landsbanka Íslands í tilefni af aldarafmæli útibúsins. Á föstudag þáði fjöldi manns kaffi og kökur í afgreiðslu bankans og síðdegis sama dag var haldinn 1.900 hundraðasti bankaráðsfundur bankans. Að sögn Hafsteins Sigurðssonar, skrifstofustjóra Landsbankans á Ísafirði, ríkti sannkölluð af- mælisstemmning á föstudag. Gagngerar endurbætur hafa verið gerðar á húsnæði bank- ans og segir Hafsteinn starfs- fólkið hæstánægt með hvernig til tókst.

Á föstudagskvöld efndi bankinn til hófs í sal frímúr- ara á Ísafirði þar sem voru

meðal gesta, yfirmenn bank- ans í Reykjavík, starfsmenn útibúsins á Ísafirði og aðrir gestir, alls um 130 manns.

Útibúið var stofnað 15. maí árið 1904 og bar því sjálfan 100 ára afmælisdaginn upp á síðasta laugardag. Þá opnaði Björgólfur Guðmundsson, bankaráðsformaður Lands- bankans, sýningu á verkum eftir Jóhannes Sveinsson Kjar- vals sem eru í eigu bankans. Sýningin er liður í því að leyfa almenningi að njóta listaverka í eigu bankans og eru 33 verk til sýnis, einkum portrett og teikningar, þar á meðal por- trettmyndir af fyrstu banka- stjórum Landsbankans. Fjöldi manns hefur þegar litið á



Sveinn Eliasson, fyrrum starfsmaður bankans á tali við Brynjólf P. Brynjólfsson, útíbússtjóra.

sýninguna en hún stendur yfir þessa viku og þá næstu á opn- unartíma útibúsins.

Núverandi útíbússtjóri Landsbankans á Ísafirði er

Brynjólfur P. Brynjólfsson og er hann sá 12. íröðinni. Lands- bankinn er elsta starfandi fyrir- tækið í bænum.

– thelma@bb.is



Fjöldi manns sótti bankann heim á afmælisdaginn, þeirra á meðal voru Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæj- ar, Skarphéðinn Gíslason og Sigurborg Þorkelsdóttir.



Björgólfur Guðmundsson og Halldór Halldórsson, bæjar- stjóri slá á léttu strengi.



Guðbjörn Charlesson, Hafsteinn Sigurðsson og Sigrún Jó- hannsdóttir voru á meðal gesta í afmælisfagnaði Lands- bankans í sal Frímúrara á Ísafirði.



Þóra Hallgrímsson og Sigríður Björk Guðjónsdóttir, sýslu- maður á Ísafirði.

Niðurgreiðslur leikskólagjalda hjá Ísafjarðarbæ

Frekari gagna aflað

Félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar hefur falið formanni nefndarinnar, Kristjönu Sigurðardóttur, að afla frekari gagna varðandi niðurgreiðslur leikskólagjalda. Einnig á Kristjana að koma á sameiginlegum fundi félagsmálanefndar og fræðslunefndar bæjarins þar sem rætt verði um niðurgreiðslur dagvistargjalda fyrir einstæða foreldra. Á fundi félagsmálanefndar

var lagt fram bréf Karls Jónssonar þar sem óskað er eftir því að reglurnar sem liggja fyrir grundvallar útreikningum á afslátt leikskólagjalda handa einstæðum foreldrum verði endurskoðaðar. Með bréfinu vildi Karl vekja athygli á því misrétti sem hann telur felast í niðurgreiðslum leikskólagjalda. „Ég vildi benda á að Ísafjarðarbær er líklega eina bæj-

arfélagið sem er ekki með fastan afslátt fyrir einstæða foreldra. Leikskólagjöld eru tekjutengd og fólk þarf að hafa skammarlega lág laun til að fá afslátt. Mér finnst þetta ósanngjarnt því að með hærri launum verður útsvarið sem þarf að borga til bæjarins hærri. Þetta er jafnréttismál sem ég vildi vekja athygli á“, sagði Karl.

– thelma@bb.is



Leikskólinn Eyrarskjól á Ísafirði er einn sex leikskóla í Ísafjarðarbæ.

Innra-Bæjargil og Skollahvilft hættulegustu snjóflóðafarvegir ofan þéttbýlis

Hraði snjóflóða úr Skollahvilft mældur með radar

Skollahvilft ofan Flateyrar verður vöktuð með radartækni næstu árin til að afla upplýsinga um hraða snjóflóða sem þar kunna að falla. Þetta er liður í alþjóðlegu rannsóknarverkefni sem Veðurstofa Íslands tekur þátt í. Tvö möstur verða reist á snjóflóðavarnargörðunum ofan Flateyrar í sumar, hvort um sig 4,5 metrar á hæð. Á möstrin verða settir radar-mælur sem verða tengdir tölvubúnaði í dælustöðvarhúsi ofan við bygðina og þannig á að safna upplýsingum um



hraða snjóflóða þegar þau streyma niður hvílfina og skella á varnargarðinum. Unnt

verður að hafa aðgang að upplýsingunum og fylgjast með gangi mála frá Ísafirði og

Reykjavík um nettengingu. Flateyri er orðinn þekktur staður í hjá vísindamönnum

og sérfræðingum sem vinna að snjóflóðarannsóknum í heiminum. Innra-Bæjargil og Skollahvilft eru að líkindum hættulegustu snjóflóðafarvegir ofan þéttbýlis á Íslandi og teljast

vera í flokki hættulegustu flóðafarvega ofan þéttbýlis á alþjóðavísu. Vinna við hættumat fyrir Flateyri hófst í fyrra og fór fram vettvangskönnun í haust. – kristinn@bb.is

Smíði á nýjum hafnsögubáti fyrir Ísafjarðarhöfn

Tilboði Óseyjar tekið

Hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að taka tilboði Óseyjar hf. í smíði hafnsögubáts fyrir 48,9 milljónir króna. Á fundi hafnarstjórnar fyrir stuttu kynnti Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri,

niðurstöður skýringarviðræðna, sem svo eru kallaðar í fundargerð hafnarstjórnar, við Ósey hf. Alls hafa verið haldnir þrír skýringarviðræðnafir með þátttöku Ríkiskaupa, Siglinga-

stofnunar, Ráðgarðs ehf. og Navis ehf. sem er sérlegur ráðsgjafi Ísafjarðarhafnar vegna verkefnisins að því er segir í fundargerð. Niðurstaða viðræðnanna var sú að tilboð Óseyjar hf. að

upphæð 48,9 milljónir króna sé hagkvæmast þeirra tilboða sem liggja fyrir. Því samþykkti hafnarstjórn að leggja til við Ríkiskaup að tilboði Óseyjar hf. verði tekið.

– hj@bb.is

Fornleifarannsóknir á Eyrartúni í Skutulsfirði

Áhugi fyrir áframhaldandi rannsóknum

Áhugi er fyrir því að halda áfram fornleifarannsóknum á Eyrartúni í Skutulsfirði næsta sumar. Á fundi menningarmálanefndar Ísafjarðarbæjar fyrir skemmstu var lögð fram kostnaðaráætlun frá Fornleifastofnun Íslands um rannsóknir á Eyrartúni upp á kr. 2.650.000 en hlutur Ísafjarðarbæjar í verkinu yrði kr. 1.650.000. Þorleifur Pálsson, bæjarritari Ísafjarðarbæjar, segir unnið að

fjármögnun og muni það liggja fyrir á næstu dögum hvort af verði. „Það er áhugi fyrir því að halda verkefninu áfram en í smáum skrefum.“ Markmiðið er að hefja rannsókn á yngstu minjum Eyrarbæjarins nú í sumar en á síðasta sumri var framkvæmdur svokallaður könnunargróftur. Niðurstöðurnar benda til þess að margt áhugavert liggi undir grasrótinni á Eyrartúni.

Afar lítið er vitað um upphaf byggðar í Skutulsfirði. Ýmsir telja að Eyri hafi verið landnámsjörð en fyrir því er engin vissa þótt almennar líkur séu nokkrar. Hins vegar hefur Eyri verið kirkjustaður margar aldir. Eyrarbærinn stóð á bæjarhólnum, nokkru norðan við þann stað þar sem minnismerki Ragnars Kjartanssonar, myndhöggvara, um druknaða sjómenn stendur nú. Bærinn

hefur trúlega verið margbyggður á sama stað í aldanna rás eins og venja var. Hann var rifinn ekki allmörgum árum eftir að Ísafjarðarkirkja sem brann árið 1987 var fullgerð árið 1863. Tóftir bæjarins munu hafa verið jafnaðar út á dögum viðreisnarstjórnarinnar á sjöunda áratug nýliðinnar aldar.

– thelma@bb.is

Fasteignir til sölu


Eftirtaldar fasteignir í eigu Ísafjarðarbæjar eru til sölu á fasteignasölu minni:

Neðri Tunga, Ísafirði, tvílyft einbýlishús úr steinsteypu. Húsið er í óíbúðarhæfu standi og þarfnast mikillar endurnýjunar. Útihús geta fylgt með ásamt lóðaréttindum skv. nánara samkomulagi. Tilboð óskast.



Hafnarstræti 17, Ísafirði, tvílyft timburhús, byggt 1907. Selst til flutnings. Ísafjarðarbær getur lagt til nýja lóð undir húsið. Tilboð óskast.

Mjósund 2, Ísafirði. 110m² timburhús, byggt 1980. Selst til flutnings eða niðurrifs. Tilboð óskast.



Grundarstígur 9, Flateyri: 222m² timburhús á tveimur hæðum með kjallara. Tilboð óskast.

Brekkugata 13, Pingeyri: 30,4m² timburskúr. Tilboð óskast.

Fjarðargata 5, Pingeyri: 165m² íbúðarhúsnæði ásamt 70m² verslunarhúsnæði. Tilboð óskast.

Fjarðargata 13, Pingeyri: 209m² timburhús ásamt 42m² skúr. Tilboð óskast.

Nánari upplýsingar veittar á skrifstofunni.

Tryggvi Guðmundsson hdl., Hafnarstræti 1, Ísafirði, sími 456 3244

Menn voru aldrei nógu sterkir fyrir alþýðuna

– segir Torfhildur Torfadóttur á Ísafirði sem verður 100 ára í næstu viku ef Guð lofar

Árið 1904 er óralangt undan í tíma, að flestra áliti. Á þessu ári verður ýmissa atburða sem áttu sér stað á því ágæta ári minnst með hátiðlegum hætti. Ekki hefur farið framhjá fólki að á árinu 1904 tók fyrsti ráðherra Íslands til starfa.

En það gerðist fleira þetta ár. Ditlev Thomsen kaupmaður flutti til landsins fyrsta bílinn sem var þýsk smíði af gerðinni Cudell. Til þess fékk Thomsen 2.000 króna styrk frá Alþingi. Suður í

Hafnarfirði nýttu menn sér hugvit Edison og settu litla vatnsaflsvirkjun í Hamarskotslæk og í desember tengdust sextán hús í bænum virkjuninni. Fyrsta rafmagnsveita landsmanna var orðin staðreynd og færði birtu og yl í hús Hafnarfirðinga. Síðla maímánaðar þetta ár tók Anna Bjarnveig Bjarnadóttir húsmóðir á Ströndum léttasóttina og fæddi mey barn. Stúlkan var áttunda barn móður sinnar og ellefta barn föður síns, Torfa Björnssonar bónda. Bæði voru þau Strandamenn. Þeir sem fæddir voru á þessum árum gátu ekki vænst sama langlífis og þeir sem fæðast í dag. Af þessum ellefu barna hópi dóu fjögur ung. Önnur barnanna náðu því sem kallaður er hár aldur í dag og var mjög hár aldur í þá daga. Eitt þeirra Ásgeir var 100 ára þegar hann lést, Eymundur var 96 ára, Guðbjörg 91 árs, Þórdís varð 87 ára og Kristbjörg varð 85 ára. Yngsta barn þeirra hjóna, stúlkan sem áður var nefnd verður 100 ára á mánudaginn ef guð lofar. Hún var skírð Torfhildur.

Torfhildi Torfadóttur þekkja margir Ísafirðingar. Margir frá því í æsku þegar hún bjó á Bökkunum og aðrir frá því að hún fór að fara um bæinn sinn í fylgd göngugrindarinnar til þess að heimsækja ættingja og vini. Í tilefni af tímamótunum hafði blaðamaður samband við Torfhildi fyrir nokkru og óskaði eftir því að fá að taka við hana blaðaviðtal. Torfhildur er kona hógvær og færðist undan. Sagðist ekki hafa frá neinu að segja. Hún, sem er bráðum hundrað ára! Eftir nokkur samtöl féllst hún á að spjalla við blaðamann yfir kaffibolla heima hjá syni hennar Torfa Einarssyni í Hnífsdal.

Svo einkennilegt sem það nú er þá léku barnabörn Torfhildar sér á gólfinu á meðan við spjölluðum. Þau eru fjögurra ára og sex ára. Svona getur lífið verið margbreytilegt. Á milli ömmunnar og ömmubarnsins eru 96 ár. Fullyrða má að það er sjaldgæft.

– Ég spurði Torfhildi fyrst hvar hún væri fædd.

„Ég er fædd í Asparvík á Ströndum og var yngst í stór-

en þau höfðu þroska til. Um fermingu fór ég síðan í vinnu-mennsku.“

– Hvar varstu fermd?

„Ég fermdist á Stað í Steingrímsfirði. Ég gekk til prestsins þar og lærði að lesa. Lærði kverið eins og sagt var. Við vorum sjö sem fermdust saman hjá séra Guðlaugi sem þarna var prestur. Eins og ég sagði áðan fór ég síðan í vinnu-mennsku. Fyrst fór ég í Króksfjörð og síðan á annan bæ í Reykhólasveit. Þaðan fer ég síðan á Ísafjörð og fór að vinna.“

Í saumaskap á Ísafirði

– Í þá daga var Ísafjörður stór bær á landsvísu og ekki skrítið að ungt fólk sækti þangað. En við hvað fór Torfhildur


að vinna á Ísafirði?

„Ég fór að vinna hjá þeim klæðskerum, Einari og Kristjáni. Þeir voru með mikinn rekstur þá og ráku stórt klæðskeraverkstæði. Það voru margir starfsmenn þar enda voru þá engin föt flutt til landsins. Fyrsta sem ég saumaði var karlmannsvesti. Það var erfiður saumaskapur. Í þá daga var einungis saumað á karlmenn. Kvenfólkið saumaði á sig sjálft. Þarna unnu sex dömur við

sauma og síðan voru þeir Einar og Kristján sem tóku málin og sníðu efnin niður. Þeir reyndust mér vel og voru afskaplega góðir við sitt starfsfólk. Ég var þarna í þrjú ár.“

– Þegar ég spurði hana hvers vegna hún hefði hætt hjá klæðskerunum kom fallegur glampi í augu hennar og bros færðist yfir hana. Hún sagði að karlmaður hefði verið farinn að sýna henni áhuga. Hann hét Einar Jóelsson og var sjómaður. Ég spurði hana hvar þau hefðu kynnst.

„Nú á balli auðvitað. Það var eins í þá daga og nú á Ísafirði. Fólk kynntist á böllum. Þá var dansað í tveimur ballhúsum á Ísafirði. Það var oft farið á



böll í þá daga enda tónlistin góð sem spiluð var. Það voru nokkurskonar hljómsveitir sem spiluðu.“

– Þér hefur litist vel á kappann?

„Já hann var myndarlegur maður hann Einar minn. Það er víst ekki hægt að bera á móti því. Hann var tæpum tveimur árum eldri en ég og var frá Uppsölum í Seyðisfirði. Hann var sjómaður á þessum árum.“

Búskapurinn og vinnan

– Að vera sjómaður á fyrrihluta síðustu aldar var ekkert grín. Þá gátu menn sótt sjóinn eins og menn vildu og þurftu. Vinnuálagið var því mikið og oft hefur maður velt því fyrir sér hvernig hafi verið að stofna fjölskyldu á þessum árum. Eignast síðan börn og ala þau upp þegar annað foreldrið þurfti að vera langtímum saman fjarri heimilinu. Inniverur ávallt stuttar og því lítill tími til samveru með ástvinum sínum. Ég nefni það við Torfhildi en hún vildi nú ekki mikið gera úr því máli. Svona var bara lífið í þá daga og ekkert við því að gera. Hafi fólk viljað gera skemmtilega hluti saman hafi fólk haft tækifæri til þess. Hún segir þau Einar hafa fljótlega byrjað að búa og hafi allan sinn búskap búið í neðri bænum. Þau hafi á endanum eignast eigið húsnæði í Sundstrætinu. Á Bökkunum.

– Þegar Torfhildur og Einar kaupa húsið sitt á Bökkunum höfðu þau eignast fimm börn en eitt þeirra Jónína Guðrún lést á rúmlega árs gömul. Þau fluttu því á Bakkana með fjögur börn. Húsið þeirra var ekki stórt í fermetrum talið en nægði þeim. Ég spurði útí lífið á Bökkunum.

„Þar var mikið líf í þá daga. Mikill fjöldi barna bjó þarna á þessum árum.“

– Nú var Dokkan í nágrenninu með sínum bryggjum og bátum. Var fólk aldrei hrætt um börnin sín á bryggjunum?

„Það þýddi ekkert að vera hræddur. Við gátum ekki elt þau uppi öllsömul. Það var ekki nokkur leið. Þau voru svo frá á fæti. Það eina sem við gátum gert var að kenna þeim að fara varlega. Ég man ekki til þess að nein af mínum börnum hafi dottið í sjóinn.“

– Nú verður Torfhildur sposk á svipinn og á honum má skilja að kannski hafi nú börnin hennar dottið í sjóinn eins og flest önnur börn á þessum árum. Ég nefni við hana að í dag megi börn helst ekki fara á bryggjurnar.

„Já það er nú dálítið skrítið. Ég held að fólk sé að banna of marga hluti. Það þýðir ekkert að vera að banna hluti. Það verður að kenna börnum að umgangast hlutina rétt. Börn vilja fylgjast með því sem gerist og það er ekki rétt að byrja á því að banna alla hluti.“

– Þú vannst nú utan heimilis ekki satt?

„Jú ég vann í rækjunni á árum áður. Ég vann hjá Þor-

valdi sem seinna var kenndur við Síld og Fisk. Þá var öll rækjan handpilluð. Menn höfðu nú ekki mikla trú á rækjunni á þessum árum. En þetta var slítandi vinna. Maður fór illa í höndunum við að handpilla allan daginn. Það var mikil keppni á milli kvennanna í pilluninni. Ég komst hæst í 24 kíló af pilluðu á dag og það var greitt fyrir hvert kíló. Ég var nú ekki sú fljótasta – það voru nokkrar sem voru mun fljótari en ég. Auk kvennanna fengu börn og unglingar vinnu við pillun.

Síðan var ég um tíma líka í fiskvinnu á Reitunum í saltfiski. Þar var ég mest í að sauma pakkana og líka í að salta.“

Pólitíska baráttan

– Á árunum þegar Torfhildur og Einar eru að hefja sinn búskap og að ala upp börnin var mikil stéttabarátta. Oft voru hörð átök því á þessum árum var verið að afla þeirra félagslegu réttinda sem þykja sjálfsögð í dag en þóttu mörg hver fjarlæg í upphafi. Ég nefni því við hana hvort að lífsbaráttan hafi ekki verið erfíð á þessum árum.

„Ég veit nú ekki hvað ég á að segja um það. Hefur lífsbaráttan ekki alltaf verið erfíð? Fólk var auðvitað í ákveðinni réttindabaráttu á þessum árum.“

– Á Ísafirði voru löngum mikil pólitísk átök. Þá var deilt og menn sögðu skoðun sína umbúðalaust. Trúlega hafa fáir komist hjá því að taka afstöðu. Ég var að velta því fyrir mér hvort að svona hæglát kona hafi nokkuð verið að skipta sér af pólitík. Um leið og ég nefni pólitík færist hún öll í aukana og röddin verður harðari og skýrari. En var hún pólitísk?

„Hvað heldurðu? Auðvitað var ég það. Ég var alltaf í Alþýðuflokknum en fylgdi síðan Hannibal í Alþýðubandalagið. Nú held ég að þessi stefna sé að deyja út. Það vill enginn berjast fyrir alþýðuna í dag. Það þykir víst ekki fínt lengur.“

– Nú voru á Ísafirði miklir foringjar í Alþýðuflokknum á þessum árum. Hver þeirra var þeirra mestur? Hverjum treystirðu best?

„Ég treysti engum þeirra. Það var enginn þeirra nógu sterkur. Enginn þeirra var nógu sterkur fyrir alþýðuna.“

– Ég varð óneitanlega hissa við þessa skorinorðu lýsingu hennar. Velti fyrir mér hvort hún hafi verið að ýkja. Ég ákvað því að fara aðeins lengra í málið. Nú verður t.d. seint sagt að Hannibal hafi verið linur baráttumaður?

Þú fylgdir honum í Alþýðubandalagið. Þú hlýtur að hafa treyst honum?

„Við skulum segja það. En samt var það nú þannig að menn voru aldrei nógu sterkir þrátt fyrir allt.“

– Fórstu oft á flokksfundi?

„Já ég gerði það stundum. Það veitti ekki af.“



Í þessu húsi við Sundstrætið á Ísafirði bjuggu Torhildur og Einar í áratugi.

– Nú stjórnaði Alþýðuflokkurinn á Ísafirði lengi. Stóðu þeir sig ekki vel?

„Nei það gerðu þeir ekki. Þeir sviku alþýðuna þegar á reyndi.“

– Hér talar kona sem er með allt sitt á hreinu og vill ekki tala neina tæpitungu. Svona fannst henni hlutirnir og þannig skal frá þeim segja. Hennar dómur breytist ekki og því ástæðulaust að vera með neina skreytni.

– Hvernig líst þér á Samfylkinguna í dag. Nú er það stór flokkur ekki satt?

„Ég veit ekki hvað skal segja um það. Það er kannski best að segja sem minnst um það.“

– Svo mörg voru þau orð. Það dæmir hver fyrir sig hvað fólst í þessum orðum Torfhildar.

Nú var pólitíkin hatrömm hér í bæ. Það var stundum nefnt að fólk hefði verið látið gjalda skoðana sinna. Er það rétt?

„Já það er rétt. Það kom oft fyrir að fólk var refsað fyrir það eitt að hafa skoðun en ég er nú ekki frá því að það sé gert ennþá.“

– En hvernig finnst þér líf fólks í dag. Hefur fólk það ekki miklu betra en í gamla daga?

„Ég er nú ekki viss um það. Að vísu er ég ekki í aðstöðu til þess að dæma um það.“

Hamingjan og kapphlaupið

– Með mikilli baráttu fólks á síðustu öld var búið til það sem kallað er í dag velferðarríkið Ísland. Í dag hefur fólk mun meiri réttindi af ýmsum toga en fólk hafði áður. Ekki síst frítíma. Ég nefni hamingjuna. Er fólk hamingjusamara í dag en í gamla daga?

„Nei það get ég ekki sagt. Kapphlaupið er orðið svo mikið í dag að fólk hefur gleymt sér. Þetta kapphlaup hefur leitt

miklar hörmungar yfir marga í dag.“

–Nú er mikið rætt um hvernig öldruðu fólki er sinnt. Hvernig finnst þér staðið að þeim málum? Er betur hugsað um gamla fólkið í dag en í gamla daga?

„Ég held það sé ágætlega hugsað um gamla fólkið í dag. Ætli maður hafi nokkuð hugsað útí það í gamla daga hvernig það var þá. Ég býst ekki við því.“

– Voru mikil viðbrigði fyrir þig að flytja af Bökkunum og á Hlíf?

„Já en það var ekki um annað að ræða. Þetta voru mikil viðbrigði. Sérstaklega fannst mér gestagangurinn minnka. Á Bökkunum var alltaf mikill straumur fólks og margir kíktu við í heimsókn. Það minnkaði þegar ég flutti á Hlíf og það fannst mér miður. Hinsvegar hef ég stjórn á mínum eigin skrokki og veit hvað ég get. Ég get ennþá farið minna ferða um bæinn og með það er ég ánægð.Ég hef verið frekar heilsuhaust í gegnum lífið. Ég hef að vísu veikst eins og annað fólk en það hefur ekki verið neitt átakanlegt.“

Að borða grös

– Nú hafið þið mörg systkinin náð háum aldri. Hverju þakkarðu það?

„Ég veit ekki hverju ég á að þakka það. Ég hef nú oft haft á orði að það hafi hjálpað mér hvað ég borðaði oft grös í æsku. Ég fékk alltaf nóg að borða en þegar maður var í smalamennsku upp til fjalla þá borðaði ég oft grös. Skolaði þau í fjallalækjum og borðaði þau svo. Kannski hefur það hjálpað. Ég veit það ekki.“

– Hefurðu ferðast mikið um dagana?

„Nei ekki hef ég nú gert mikið af því. Ég heimsótti Torfa son minn til Svíþjóðar fyrir tíu árum síðan. Það var mjög gaman. Ég var að segja

það við vinkonu mína um daginn sem á bíl að ef ég ætti bíl þá væri ég aldrei heima. Ég væri alltaf á ferðinni.“

–Ef þú værir ung kona í dag hvað myndir þú leggja fyrir þig?

„Ég veit það ekki. Ég hugsa að ég myndi læra eitthvað. Í æsku lærði ég landsfræði og Íslandssögu og þar með var það upptalið. Ég hef hinsvegar lesið óskaplega mikið um dagana. Ég hef verið sílesandi. Ég les allt sem ég kemst yfir. Líka dönsku blöðin. Ég á engan uppáhaldshöfund því ég geri ekki upp á milli. Núna er ég að lesa gamlar bækur eftir Árna Óla.“

– Þú ert mikið í handavinnunni ennþá?

„Já ég reyni að gera eitthvað af því. Mér finnst það gaman og reyni að skilja handavinnuna aldrei við mig.“

Ísafjörður í dag

– En hvernig líst þér á bæinn þinn í dag. Hvernig lýst þér á ástandið dag?

„Mér finnst það ekki gott. Ég held að allir séu að flýja. Hér er mikið af auðum húsum. Stór og mikil hús standa hér auð. Það ber ekki með sér gott ástand. Mér finnst hafa hallað mikið undan fæti hér. Hver ástæðan er veit ég ekki. Það má aldrei gera neitt í þessu þjóðfélagi sem hægt er að græða á. Í gamla daga gat maður farið á Dokkubryggjuna og veitt sér í soðið. Nú er það sennilega bannað. Manni væri sennilega stungið inn. Ég gekk fjöruna á Tanganum í fyrra og þar var mikið af dauðum fiski sem enginn má nýta. Það er ekki gott. Mér líst ekki vel á þá sem stjórna hér ferðinni. Fólk gengur iðjulaust á götunum og fær ekkert að gera.“

– Heldurðu að þú flyttir suður ef þú værir ung í dag?

„Nei það held ég ekki. Ég hef komið þangað en mér líst ekkert á mig þar. Ef ég væri

ung kona á Ströndum gæti ég alveg hugsað mér að flytja til Ísafjarðar. Hér hefur mér liðið vel og staðurinn hefur farið vel með mig og mína. Ef ég hefði flutt á efri árum til Reykjavíkur þá væri ég ekki á ferðinni þar. Hér þekki ég hverja götu og get þess vegna verið á ferðinni þegar ég vil. Það er mjög gott. Ég fer reglulega niður á Bakka og heim-sæki Dísu Alberts vinkonu mína. Síðan heimsæki ég líka Önnu Siggú og Kristinn Leví sem var hálfbróðir hans Einars míns. Á meðan ég kemst leiðar minnar kvarta ég ekki.“

Torfhildur og Einar eignuðust fimm börn. Elst þeirra er Kristín Jóna sem býr í Njarðvík. Þá kom Jónína Guðrún sem lést í æsku. Jónatan Björn var þriðji fröðinni. Hann var lengi búsettur í Njarðvík en er nú látinn. Sigurbjörn Sævar var fjórði í röðinni og Torfi Arnar er yngstur. Einnig ólu þau Torfhildur og Einar upp dótturdóttur sína Rannveigu Maríu Gísladóttur. Einar Jón Jóelsson lést árið 1981.

Eins og áður sagði verður Torfhildur hundrað ára á mánudag. Vissulega er það hár aldur en það sést ekki á henni. Röddin er aðeins farin að gefa sig og hreyfingarnar hægari. Hún segist þurfa að nota stækkunargler til þess að lesa. Að öðru leyti er hún hress. Ég spurði hana að lokum hvað hún ætlaði að gera á afmælisdaginn sinn og hún sagðist nú bara ætla að taka það rólega. Ekki væri mikið efni til umstangs þó að hún yrði hundrað ára.

Torfhildur hefur náð háum aldri en man þrátt fyrir það eftir uppruna sínum. Lífið hefur kennt henni margt og mótað skoðanir hennar. Skoðanir sem hún hefur ávallt þorað að viðra þrátt fyrir að þær hafi kannski ekki fallið í kramið allsstaðar. Hún stendur fyrir sínu.

– Halldór Jónsson.

Hlutfall leiðbeinenda í framhaldsskólum landsins

Hæst í Menntaskólanum á Ísafirði

Hlutfall leiðbeinenda í starfsliði framhaldsskóla landsins var langhæst á Vestfjörðum á árunum 2000 til 2002. Þetta kemur fram í skýrslu menntamálaráðherra á Alþingi um framkvæmd skólahalds á framhaldsskólastigi skólaárin 1999 til 2000, 2000 til 2001 og 2001 til 2002. Í skýrslunni kemur einnig fram að heildarlaun framhaldsskólakennara hækkuðu um 44% á þessum árum og dagvinnulaunin um 70%.

Hlutfallsleg skólasókn 16 ára nemenda í dagskólum á framhaldsskólastigi var við meðaltal á Vestfjörðum skólaárið 2001/2002. Hlutfallið er 89% á Vestfjörðum eða jafnt og landsmeðaltal. Lægst er hlutfallið 86% á Vesturlandi og Norðurlandi vestra en hæst 92% á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur. Á skólaárinu 1999/2000 var þetta hlutfall 90% á Vestfjörðum og þá var landsmeðaltalið 89%. Á skólaárinu 2000/2001 lækkaði hlutfallið á Vestfjörðum í 88% á meðan landsmeðaltalið hækkaði í 90%.

Hlutfall útskrifaðra nemenda, á áðurnefndum skólaárum, af innrituðum nemendum



Menntaskólinn á Ísafirði.

fæddum 1980-1982 er hins vegar töluvert undir landsmeðaltali. Hlutfallið var 42,8% af nemendum fæddum 1980 en meðaltalið var 53%. Þar er aðeins Vesturland með lægra hlutfall eða 41,9%. Hlutfall útskrifaðra sem fæddust árið 1981 var 42,5% á Vestfjörðum en landsmeðaltalið var 49,7%. Enn er það aðeins Vesturland sem er með lægra hlutfall eða 34,6%. Hlutfallið fyrir nemendur sem fæddir eru árið 1982 er hins vegar aðeins 34,5% á Vestfjörðum og landsmeðaltalið 37,1%. Það eru hins vegar aðeins þrír landshlutar með hærri hlutfall en Vestfirðing-

ar, þ.e. Reykjavík, höfuðborgarsvæðið utan Reykjavíkur og Norðurland vestra.

Mikill munur er á milli kynja í hlutfalli útskrifaðra og er konur í miklum meirihluta. Hæst fór hlutfall þeirra í 59% í árgangi 1980 og lægst fer hlutfall karla í 30,2% í árgangi 1982. Hlutfall réttindakennara af stöðufjölda í framhaldsskólum var lang lægst á Vestfjörðum á áðurnefndum skólaárum en fór þó hækkaði. Í febrúar 2000 voru starfandi 35 manns við framhaldsskólakennslu á Vestfjörðum. Af þeim voru aðeins 8 með full réttindi eða 22,9%. Meðaltal yfir landið

er á þeim tíma 73%. Árið eftir hækkar hlutfallið á Vestfjörðum í 28,2% á meðan landsmeðaltalið lækkar í 71,8% og í mars 2002 var hlutfallið orðið 35,3% á Vestfjörðum á meðan landsmeðaltalið var 73%.

Ef skoðað er hlutfall réttindakennara í hlutfalli við heildarkennslu hækkar hlutfallið nokkuð þessi ár og í mars árið 2002 sinntu réttindakennarar um 45,2% kennslunnar á Vestfjörðum. Sambærilegt hlutfall fyrir landið allt var

78,6%.

Þegar hlutfall kynja í starfsliði framhaldsskólanna er skoðað kemur í ljós mikill munur. Á skólaárinu 2001/2002 voru starfandi 36 skólameistarar og aðeins sjö þeirra voru konur. Sama kynjahlutfall er síðan í störfum aðstoðarskólameistara. Hlutfall kvenna í starfsliðinu fer síðan hækkaði eftir því sem ábyrgðin minnkar og fer í 84% starfa á bókasöfnun og í ráðgjafarstörfum.

Ef marka má skýrsluna hafa laun framhaldsskólakennara hækkað umtalsvert á liðnum árum. Árið 1999 var meðaltal heildarlauna þeirra 211.094 krónur en árið 2002 höfðu launin hækkað í 304.784 krónur eða um rúm 44%. Meðaltal dagvinnulauna árið 1999 var 130.180 krónur en árið 2002 var meðaltal dagvinnulauna 221.612 krónur. Nemur hækkað dagvinnulauna um 70% á þessum árum.

– *hj@bb.is*



Örn Torfason, formaður Sæfara, og Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, undirrita samstarfssamninginn í félagsaðstöðu Sæfara að viðstöddum Birni Helgasyni, íþrótt- og æskulýðsfulltrúa Ísafjarðarbæjar.

Ísafjarðarbær og Sæfari í samstarf

Örn Torfason, formaður Siglingaklúbbsins Sæfara á Ísafirði og Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, undirrituðu í síðustu viku samstarfssamning um námskeiða-

hald fyrir börn á aldrinum 9-14 ára í sumar. Samkvæmt samningum mun Ísafjarðarbær styrkja námskeiðhaldið um hálfa milljón króna. Kennt verður á seglbáta og kajaka

auk þess sem náttúra og dýralíf verður skoðað. Þegar hafa verið ákveðin tvö námskeið en framhaldið mun ráðast af aðsókn. – *kristinn@bb.is*

Alþjóðlegt skákmót á Ísafirði um helgina

Sex stórmeistarar mæta til leiks

Alþjóðlegt atskákmót verður haldið á Ísafirði á föstudag og laugardag og koma stórmeistarar víðs vegar að til að tefla á mótinu. Þegar eru skráðir til leiks sex stórmeistarar frá fjórum löndum en þeirra á meðal eru Jóhann Hjartarson, stigahæsti skákmaður Norðurlanda, Regína Pokorna skákdrottning Hróksins frá Slóvak-

íu og hinn danski Henrik Danielsen sem hefur verið lykilmáður í Hróknum undanfarin ár. Alþjóðlega mótið er hápunktur stórhátíðar Hróksins og UMFÍ á Vestfjörðum og Snæfellsnesi sem hefst á sunnudag. Liðsmenn Hróksins fara ásamt stórmeisturum í heimsókn í allra grunnskóla á

svæðinu og efna til skákviðburða í mörgum sveitafélögum. Markmiðið er að efla skáklíf um allt land með markvissu samstarfi grunnskóla, ungmennafélaga, foreldra og aðra áhugamanna um uppbyggingu skáklistarinnar. Mótið verður öllum opið og eru börn og unglingar sérstaklega velkomnir. – *thelma@bb.is*

Fasteignasala

Tryggvi Guðmundsson hdl.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: eignir@tg.is
Heimasíða: www.tg.is

Einbýlishús
Seljaland 9: 139 m² glæsilegt og vandað einbýlishús ásamt 42 m² bílskúr og 15,8 m² sólstofu. Verð 16,7 m.kr.

Hjallavegur 21: Stórt og glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðri tvöfaldri bílgeymslu. Fallegt útsýni. Verð 15,6 m.kr.

4-6 herbergja íbúðir:
Mjallargata 1: 122,2 m² 4ra herbergja íbúð á 3ju og 4. hæð í fjölbýlishúsi. Sér inngangur af svölum. Verð 9,5 m.kr.
Sundstræti 29: 133 m² fimm herbergja íbúð á efri hæð í þrívíðishúsi ásamt geymslu í kjallara. Verð 3 m.kr.
Stórholt 7: 116 m² 4ra herbergja íbúð á 3ju hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð 8 m.kr.
Túngata 12: 99 m² íbúð á miðhæð í þrívíðishúsi ásamt bílskúr og garði. Verð 7,9 m.kr.

3ja herbergja íbúðir:
Sillurgata 11: 56,2 m² (75m² gólf-flötur, mikið rými í risi) Áhv. ca. 3,4 m.kr. Verð 5,8 m.kr.

Sundstræti 14: Þriggja herbergja íbúð á efri hæð í tvívíðishúsi. Íbúðin er 80,6 m² og geymsla 7,6 m². Verð 4,0 m.kr.
Sólgata 8: 68 m² íbúð á neðri hæð í þrívíðishúsi. Áhv. ca. 4 m.kr. Verð 5,9 m.kr.
Aðalstræti 17: 107 m² þriggja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Verð 7,5 m.kr.

2ja herbergja íbúðir:
Engjavegur 33: 50,4 m² íbúð á neðri hæð í tvívíðishúsi. Verð 4 m.kr.
Fjarðarstræti 6: 77,3 m² íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð 4,6 m.kr.
Seljalandsvegur 58: 52,1 m² íbúð á n.h. í tvívíð. ásamt helmingi tvöfalds bílskúrs. Áhv. ca. 600 þ.kr. Tilboð óskast

Atvinnuhúsnæði:
Arnagata 3: 562 m² atvinnuhúsnæði við hafnarvæði. Stórt og rúmgott smíðaverkstæði með skrifstofuadstöðu. Tilboð óskast
Sindragata 14: 534 m² stálgrindarhús á einni hæð. Nýtt atvinnuhúsnæði, vel búið og í góðu standi. Verð 25 m.kr.
Suðurtangi 2: 210 m² trésmíðaverkst. á einni hæð ásamt geymslulofti. Verð 4,5 m.kr.

Bolungarvík:
Vitastigur 8: 99,8 m² einbýlishús á tveimur hæðum, allt nýuppgrætt. Verð 8,5 m.kr.
Hjallastræti 38: 113,9 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 59,2 m² bílskúr. Verð 6,5 m.kr.

Stigahlið 4: 54 m² 2ja herbergja íbúð í kjallara í fjölbýlishúsi. Íbúðin er í góðu standi. Tilboð óskast

Traðarstigur 7: 108,1 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 36,2 m² bílskúr og 16 m² garðskála. Tilboð óskast

Þingeyri:
Aðalstræti 1: 80,4 m² 3ja herbergja íbúð á neðri hæð í tvívíðishúsi. Verð 3 m.kr.

Sumarbústaðir:
Sumarbústaður til flutnings: 46,4m² sumarhús sem hægt er að flytja, staðsettur í Mjóafirði, 3 herbergi, stofa, eldhús og svefnloft. Tilboð óskast

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.tg.is

Hvatningarverðlaun samtakanna Heimilis og skóla

Vá-vest hópurinn fékk verðlaunin í ár

Vá-vest vímuvarnarhópurinn á norðanverðum Vestfjörðum fékk hvatningarverðlaun Heimilis og skóla sem afhent voru í síðustu viku. Hlynur Snorrason, lögreglu-fulltrúi á Ísafirði og einn forsvarmanna hópsins, segir

verðlaunin viðurkenningu á þeim aðferðum sem hópurinn hafi tileinkað sér. Hann segir Vá-vest vera fjöldahreyfingu sem byggir á starfi margra manna og ekki síst samstarfi við heimili, skóla, barnaverndaryfirvöld, lögreglu og fleiri

aðila sem komi að málefnum ungs fólks. „Þetta er ekki síður viðurkenning fyrir þær stofnanirnar sem koma að málefnum unga fólksins og foreldra þeirra. Síðast en alls ekki síst eru verðlaunin viðurkenning fyrir

unglingana okkar sem eru að standa sig vel“, sagði Hlynur. Aðalmarkmiðið með veitingu verðlaunanna er að vekja athygli á því gróskumikla starfi sem unnið er á fjölmörgum sviðum innan skólasamfélagsins. Auk Vá-vest hópsins



Ferðapjónustufólk gæðir sér á sushi í Neðstakaupstað.



Gamla apótekið á Ísafirði.

hlaut Grunnskólinn á Ísafirði tilnefningu fyrir starf gegn einelti, Skarphéðinn Jónsson, skólastjóri GÍ, hlaut tilnefningu fyrir skrif gegn auglýsingum í skólum og ungmennahúsið Gamla apótekið á Ísafirði hlaut einnig tilnefningu. Í umsögn dómnefndar kemur fram að hópurinn hafi unnið mikið og óeigingjarnt starf í þágu barna og fjölskyldna á norðanverðum Vestfjörðum og starf hópsins hafi skilað sér í bættri unglingamenningu, minni neyslu vímuefna og betri námsárangri unglinga.

„Árangur þessa starfs er nú þegar sýnilegur, bæði foreldrum og öðrum aðilum innan sveitarfélaganna. Þá er árangurinn merkjanlegur og má benda á niðurstöður Rannsóknna og greininga ehf., sem sýnir að neysla ungmenna á áfengi, tóbaki og fíkniefnum hefur minnkað á norðanverðum Vestfjörðum síðan hópurinn hóf störf. Það sem meira er, á sama tíma og unglingamenningin hefur farið batnandi, hefur námsárangur þessara ungmenna í grunnskólunum orðið betri og betri.“

Ferðaskrifstofufólk skoðaði Ísafjörð

Forsvarsmenn ferðaskrifstofa og fulltrúar frá upplýsingamiðstöðvum í Reykjavík og á Vesturlandi lituðust um á Ísafirði og í nágrenni í síðustu viku og kynntu sér hvað svæðið hefur upp á að bjóða. Fjölbreytt kynningardagsskrá hófst á einum fjölsóttasta ferðamannastað Vestfjarða, sundlauginni á Suðureyri en síðan var

haldið í hádegismat á Hótel Ísafirði þar sem matreiðslumenn SKG-veitinga framreiddu dýrindis saltfisk. Þá var litið við í Faktorshúsinu í Hæsta kaupstað og boðið upp á sushi í Byggðasafni Vestfjarða í Neðstakaupst sem gestunum bauðst að skola niður með mysu blandaðri sólberjasaft. Þeim sem vildu bauðst að skella sér á

kayak í Suðurtanga en kynningardeginum lauk með kaffisopa um borð í Guðný Kristjándóttur, farþegabát Sjóferða Hafsteins og Kiddýjar ehf. „Það var mjög gaman að sjá framan í andlitin á fólkinu þar sem samskiptin fara að mestu fram í síma“, sagði Greipur Gíslason, hjá upplýsingamiðstöð ferðamála á

Ísafirði. Hópurinn taldi 18 manns og var ferðin skipulögð af upplýsingamiðstöðinni á Ísafirði. Þakkir fá öll þau fyrirtæki sem sýndu ferðapjónunum velvild en þeirra á meðal er Flugfélag Íslands sem flaug með fólkið og Hótel Ísafjörður sem bauð þeim sem vildu gistingu. – thelma@bb.is

Maður á fimmtugsaldri dæmdur í Héraðsdómi Vestfjarða

Skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás

Maður á fimmtugsaldri var dæmdur í eins mánaðar skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Vestfjarða fyrir líkamsárás í Hnífsdal í desember árið 2001. Ákærða var að auki gert að greiða allan sakarkostnað, þ.m.t. laun skipaðs verjanda síns. Kærandi gerði bótakröfu upp á tæpar fimm milljónir króna en dómurinn féllst ekki á hana. Málsatvik eru þannig að kærandi, sem einnig er karlmaður á fimmtugsaldri, var

ásamt þáverandi konu sinni, sem er mágkona ákærða, að koma af skemmtun og mun þeim hafa orðið sundurorða. Ákærði vaknaði við skarkallann og segist hafa farið út til að skakka leikinn en þá hafi kærandi slegið til hans og hann hafi slegið til baka. Hann hafi misst gleraugun en að þeim fundnum hafi séð kæranda liggja í götunni og kveinka sér. Kæranda og ákærða ber ekki saman um atburðarrásina að öllu leyti.

Kærandi var fluttur á slysa-deild með sjúkrabíl. Samkvæmt vottorði læknis var hann nokkuð við skál og greinilega fótbrotinn á hægri legg. Kærandi greindi frá því að hann hefði verið í áflogum og ákærði sparkað undan honum fótinn. Lítið sár var framan á hægri legg, grunnt og náði rétt í gegnum húð. Röntgenmynd staðfesti brot á báðum beinum hægri leggjar, að því er fram kemur í dómi. Fram kemur í álitsgerð ör-

orkunefndar að kærandi teljist hafa verið veikur vegna afleiðinga slyssins frá 15. desember 2001 til 1. september 2002, þar af rúmfastur í 8 daga. Tímabundið atvinnutjón hans vegna slyssins teldist 100% frá 15. desember 2001 til 1. júlí 2002 og 50% frá þeim degi til 1. september 2002. Varanlegur miski hans teldist 10% og varanleg örorka 10%. Erlingur Sigtryggsson, dómsstjóri, kvað upp dóminn. – kristinn@bb.is

Ert þú með græna fingur?

Okkur vantar starfskraft í sumar afleysingar. Vinnutími er frá kl. 10-14. Aðeins 20 ára og eldri koma til greina.

Upplýsingar gefa Júlíana og Jóna.

Blómaturinn
ADALSTRÆTI 21
400 ÍSAFIRÐI
SÍMI / FAX 456 5297

Útboð

– Gatnagerð á Langeyri 1. áfangi –

Súðavíkurbreppur óskar eftir tilboðum í gatnagerð og veitukerfi á Langeyri í Súðavík.

Um er að ræða jarðvegsskipti og lagnir vegna endurbyggingar gatna.

Helstu magntölur eru:

Uppúrtekt	1.000m³
Fylling	900m³
Lagnaskurðir	600m
Holræsalagnir Ø150	200m
Holræsalagnir Ø250	350m

Útboðsgögn verða seld á skrifstofu Súðavíkurbrepps frá og með föstudeginum 21. maí nk. á kr. 5.000.- eintakið.

Tilboð verða opnuð á skrifstofu Súðavíkurbrepps fimmtudaginn 3. júní 2004 kl. 14:00.

Sveitarstjórinn í Súðavík.

Smáauglýsingar

Til sölu er ljósgrænn hornsófi og rústrauður Lazy Boy stóll. Nýlegt og vel með farið. Upplýsingar í síma 699 3068.

Handavinnusýning verður í vinnustofunni á Hlíf, föstudaginn 21. maí kl. 15-17. Um er að ræða sölusýningu á handavinnu eldri borgaranna á dagvist. Einnig verður selt kaffi og vöffliur á sal Hlífar. Ágóðinn rennur upp í skemmtiferð sem farin verður í júní.

Til sölu er Suzuki Baleno, 4X4, árgerð 1998, ekinn 104 þús. km. Góður bíll á góðu verði. Uppl. í síma 848 3411.

Óska eftir að kaupa ódýran og helst vel með farinn bíl (undir 100 þús.). Upplýsingar gefur Gunnar í síma 849 2443.

Til sölu er ísskápur með kæli og frystihólf. Er í góðu lagi. Fæst á kr. 5.000.- gegn því að vera sóttur. Uppl. í síma 867 7942.

Til sölu er 2ja herb. íbúð í mjög góðu standi á neðri hæð í tvíbýli að Engjavegi 22. Tilboðsverð kr. 3.500.000.- Upplýsingar í síma 861 7860.

Við erum tveir 15 ára strákar sem erum að fara til Skotlands í sumar á vegum Siglingaklúbbsins Sæfara og sigla þaðan á skútu til Íslands. Við viljum bjóða fyrir-tækjum og stofnunum að vinna ýmis verkefni til að fjármagna ferð okkar. Einnig tökum við að okkur þríf á bílum fyrir einstaklinga. Uppl. gefa Arnar Friðrik í síma 844 6202 og Stígur Berg í síma 866 9650.

Til sölu er nýtt og ónotað 21" sjónvarp með innbyggðu myndbandstæki. Tækið er af gerðinni Samsung með tveimur tunerum og skartengi. Uppl. gefur Hjördis í síma 456 7744.

Til sölu er gamall en ágætis Yamaha skemmtari á kr. 5.000.- gegn því að vera sóttur. Uppl. í síma 867 7942.

Til sölu er ný kommóða og bað- og skíptíborð á hjólum. Er með fjórum skúffum, skiptidýnu, bala, hliðarhólf og aftöppunarslöngu. Uppl. í síma 899 0774.

Til sölu er Compaq fartölva með Windows 2000 stýrikerfi. Intel Pentium II örgjörvi, 200 mhz, 2 gb diskur og 294 mb vinnsluminni. Innrautt tengi og 2 USB port. Netkort og taska fylgir. Hentar vel í ritvinnslu og sem auka tölva á heimili. Verð: Tilboð óskast. Uppl. í síma 847 3422.

Til sölu er mjög veglegt tölvaþorð. Vönduð mubla, smíðuð úr MDF efni. Selst á kr. 15 þús. gegn því að vera sótt. Upplýsingar í síma 867 7942.

Gler- og leirbrennslunámsskelð verða haldin í Listasmíðjunni í Bolungarvík í lok maí og í byrjun júní. Uppl. í sínum 456 7558 og 693 9125.



Oft þarf að leggja frá sér tóm vörubretti og síðan glemast þau. Þarna virðist það hafa gerst nokkuð oft. Ekki þarf hinsvegar að vera mikið mál að bæta úr.

Pegar vorar stingur ruslið meira í augu


Pegar hitastigið fer að nálgast tuginn í plús og kominn er fram í miðjan maí verður ekki öðru trúað en sumarið sé komið. Í það minnsta langt liðið á vorið. Vorið er í hugum margra hreinsunartími. Íbúar hreinsa lóðir sínar og fjarlægja það sem snjórin

hefur hulið yfir veturinn. Fegrun umhverfisins er eilífðarmál og alltaf má gera betur. Það á við um alla jafnt einstaklinga, fyrirtæki og sveitarfélög. Í tilefni vorkomunar brá ljósmyndari blaðsins sér í myndatökuferð og tók myndir af nokkrum

stöðum þar sem auðveldlega má gera betur. Myndir voru teknar af handahófi og eflaust má finna fleiri slíka staði og kannski einhverja verri. Ábendingar um það sem betur má fara eru að sjálfsgöðu vel þegnar. – hj@bb.is



Pegar menn eru í miklum framkvæmdum þarf stundum að losa sig við rusl. Þarna er mürklæðning og eigandi hennar hefur engan stað fundið betri til þess að losa sig við hana en við Sundahöfnina á Ísafirði. Hann hefur kannski horft í kringum sig og haldið að þarna væru ruslahaugar.



Þarna kennir ýmissa grasa. Meðal annars eru staurar úr skíðalyftum sem eyðilögðust í snjóflóði fyrir áratug síðan. Tæplega verða þeir að gagni héðan af frekar en annað á myndinni.



Þarna er meðal annars ketill sem gott væri að grípa til þegar..... Einnig stefni af dýpkunarskipi sem eflaust á eftir að kljúfa marga ölduna eða hvað?



Fyrir nokkrum árum setti Ísafjardarhöfn upp geymsluport á Suðurtanga þar sem útgerðir gátu geymt tæki og tól sem ekki væru í notkun í augnablikinu. Nú hefur „varningurinn“ breitt úr sér og er nú svo komið að Suðurtanginn er orðinn einn ruslahaugur. Fullvist má telja að kraninn á myndinni verði ekki notaður aftur og því trúlega óþarfi að geyma hann til „betri“ tíma.

STAKKUR SKRIFAR

Danahatur hið nýja?!!

Íslensk stjórnsmál taka á sig nýja og fremur óviðfelldna mynd þessa dagana. Sýnist það til komið vegna frumvarps til laga um fjölmiðla. Það er umdeilt og sýnist sitt hverjum. Margir vilja kenna um persónulegri óvild Davíðs Oddssonar. Margir þingmenn láta ófögur orð falla um Davíð, sem reyndar hefur verið umdeildur lengi, maður þeirrar gerðar að taka afstöðu. Hvað sem segja má um Davíð og framgang hans í stjórnsmálum réttlætir það ekki stóryrði sem Steingrímur J. Sigfússon hafði um hann. Margir verstu kostir manna, ekki síður stjórnsmálamanna, koma í ljós í tengslum við fjölmiðlafrumvarpið. Vera kann að mönnum mislíki efni þess. Sé svo, er alltaf kostur að koma rökstuddum skoðunum sínum á framfæri. Til þess eiga þingmenn greiða leið. Megum við frábiðja okkur almenningi þessa lands fúkyrði og skæting á Alþingi.

Danir voru herrar Íslands og Íslendinga frá 14. og fram á 20. öld. Íslendingar hlutu sjálfstæði 1918 og höfðu notið nokkurrar sjálfstjórnar frá 1904. Nýlega var haldið hátíðlegt aldar afmæli heimastjórnar. Urðu nokkrir eftirmálar af hálfu forseta Íslands. Hann var í skíðaferð í Bandaríkjunum, ásamt eiginkonu sinni. Mörgum fannst það einkennilegt, en forsetinn réð því. Deilur í framhaldinu voru engum til gagns.

Nú háttaði svo til að forseti var í Mexíkó sem þjóðhöfðingi og hafði þegið boð um að vera viðstaddur brúðkaup Friðriks krónsprins Dana. Forsetinn kom til Íslands vegna óafgreiddra þingmála að eigin sögn. Ólafur Ragnar Grímsson sat á Alþingi um skeið og gegndi embætti fjármálaráðherra. Hvorugt gerir hann lengur. Hann hefur verið forseti lýðveldisins Íslands í brátt 8 ár. Morgunblaðið hefur

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

fjallað um kosningar til forseta og framboð hans 1996. Þar upplýstist að hann fór í framboð til að byggja upp pólitískan frama sinn. Þjóðin hefur trúað því að hann væri hættur í flokkapólitík. Nú hyggur hann á frekari setu á Bessastöðum, en gefur jafnframt í skyn, að hann þurfi að hafa eftirlit með ríkisstjórninni. Orð hans verða ekki túlkuð með öðrum hætti.

Aftur að Dönum. Sú góða þjóð hefur sýnt okkur margvíslega vinsemd lengi og meira að segja þegar þeir fóru hér með stjórn gerðu þeir sitt besta. Um allt má deila, líka framkomu Dana í garð Íslendinga. Á liðinni öld sýndu þeir okkur skilning og veittu Íslendingum sjálfstæði, byggt á samkomulagi. Á sviði er markast af samstarfi Norðurlandanna, jafnt innbyrðis og út á við á vettvangi alþjóðastjórnsmála, hafa þeir reynst Íslendningum og málstað okkar vel. Það hefði því verið viðeigandi vinarbragð af forseta lýðveldisins að sækja Margréti II. drottningu Danmerkur heim á þessum gleðidegi í fjölskyldunni. Krónprinsinn var að ganga í hjúskap með heitmey sinni, sem verður væntanlega drottning Dana síðar á öldinni.

Mörg þung orð hafa fallið af munni Íslendinga í garð Dana á liðinni öld. Ekki er víst að öll hafi þau átt rétt á sér. Lítum frá því. Stuðning og vináttu höfum við átt vísa hjá Dönum. Þjóðhöfðingi okkar mætir ekki í veislu hjá þjóðhöfðingja ágættrar vinarþjóðar. Fyrir því hljóta að vera góð rök. Íslenska þjóðin á rétt á að heyra þau. Vonandi er byggt á öðru en stundarglamri átaka í pólitík. Ella kann að koma brestur í stuðning þjóðarinnar við embætti þjóðhöfðingja allrar þjóðarinnar.

Tilboðin gilda til sunnudags 23. maí eða næstan bírglír endast

FRÍKERT
BRUÐ!

Góð helgi framundan...

OPIÐ 10.00 - 18.00 UPPSTIGNINGARDAG

1,5 LÍTRAR
59 KR.



857 KR.
Marki verð 1.199.

159 KR.
200-400g



Nýtt korta tímabil!

40%
afsláttur

539 KR.

40%
afsláttur



40%
afsláttur

LUXUS LAMBALERI



266 KR.
Marki verð 442



99 KR.
350g



40%
afsláttur

AFREIÐSURTÍÐIR Í BÓNUS
Mán.-mib., 12.00 til 18.30
Uppstigningardagur
10.00 - 18.00
Fimmtudagur 10.00 til 19.30
Laugardagur 10.00 til 18.00
Sunnudagur 12.00 til 18.00

299 KR.
Marki verð 499

40%
afsláttur



899 KR.
Marki verð 1.499



40%
afsláttur

779 KR.
Marki verð 1.299



Hittumst í Bónus!

Vestfirskar hjúkrunarkonur heiðraðar

Í tilefni þess að áttatíu og fimm ár eru liðin frá stofnun Hjúkrunarkvinnafélags Íslands voru 10 konur heiðraðar fyrir góð störf við hjúkrun á Vestfjörðum. Athöfnin fór fram í síðustu viku á alþjóðadegi hjúkrunar, í Safnahúsinu á Ísafirði sem áður gegndi hlutverki sjúkrahúss og þótti það vel við hæfi því allar höfðu hjúkrunarkonurnar unnið þar. Vestfjarðadeild Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga stóð að framtakinu en konurnar eru

stofnendur deildarinnar á Vestfjörðum. Hjúkrunarkonurnar sem voru heiðraðar eru Katrín Arnaldal, Birna Sigurðardóttir, Málfríður Finnsdóttir, Kristrún Guðmundsdóttir, Jenný Jónsdóttir, Una Thoroddsen, Halldóra Guðmundsdóttir, Jónína Nielsen og Björney Björnsdóttir. Hlutu þær viðurkenningarskjal og nælu sem gullsmíðurinn Dýrfinna Torfadóttir hannaði af þessu tilefni. Þá afhentu fulltrúar Vestfjarðadeildarinnar sjúkra-

húsinu á Ísafirði hjarta-stuðtæki sem deildin gefur ásamt Úlfssjóði. Á sama tíma var opnuð sýning Vestfjarðadeildarinnar á gömlum sjúkrahúsmunum sem verður opin í Safnahúsinu fram á sumar. Að lokinni dagskrá í Safnahúsinu héldu hjúkrunarfræðingar og makar þeirra til hátíðarkvöldverðar á Hótel Ísafirði. Vestfjarðadeild félags íslenskra Hjúkrunarfræðinga var stofnuð 30. október árið 1976.

– thelma@bb.is



Heiðursfélsgar Vestfjarðadeildar Hjúkrunarfræðingafélags Íslands og fulltrúar þeirra sem gátu verið viðstaddir athöfnina. Hörður Högnason tók við viðurkenningunni fyrir hönd móður sinnar Kristrúnar Guðmundsdóttur, Jenný Jónsdóttir, Una Thoroddsen, Jónína Nielsen, Halldóra Guðmundsdóttir og Björney Björnsdóttir.

Helgarveðrið

Horfur á fimmtudag:

Vestlæg átt, 3-8 m/s og rigning eða skúrir, en létt-skýjað suðaustantil. Heldur hlýnandi veður.

Horfur á föstudag:

Hægviðri og víða létt-skýjað, en suðaustan 8-13 m/s og rigning vestantil seinni part dags. Hiti yfirleitt 3-8 stig.

Horfur á laugardag:

Suðlæg átt og rigning eða súld, en þurrt að kalla norðaustantil. Milt í veðri.

Horfur á sunnudag:

Suðlæg átt og rigning eða súld, en þurrt að kalla norðaustantil. Milt í veðri.

Kirkjustarf

Ísafjarðarkirkja:

Fermingarmessa á sunnudaginn 23. maí kl. 14:00.

Spurningin

Fylgist þú með Eurovision söngvakeppninni?

Alls svöruðu 527. Já sögðu 400 eða 76% Nei sögðu 69 eða 13% Stundum sögðu 58 eða 11%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

bb.is

Þessi eini sanni!

Skurðarborð Vilmundar komið aftur upp á Gamla sjúkrahúsinu

Skurðarborð Vilmundar Jónssonar, lækni, sem tekið var í notkun árið 1924 er aftur komið upp á Gamla sjúkrahúsinu á Ísafirði, sem nú er orðið Safnahúsið. Ætlunin er ekki að taka það í notkun að nýju heldur hefur því verið stillt upp á sýningu ásamt mörgum öðrum gömlum sjúkrahúsmunum í tilefni af áttatíu og fimm ára afmæli Hjúkrunarkvinnafélags Íslands. Að sýningunni standa hjúkrunarfræðingar innan vébanda félagsins á norðanverðum Vestfjörðum. Sýningin verður opin fram eftir sumri á opnunartíma Safnahússins. – kristinn@bb.is



Skurðarborð Vilmundar Jónssonar í Gamla sjúkrahúsinu. Margir munanna á myndinni voru í notkun allt þar til starfsemin fluttist í sjúkrahúsið á Torfnesi á 9. áratug síðustu aldar.

Átján vestfirskar athafnakonur

Viðskiptaháskólinn á Bifröst útskrifaði fyrir stuttu 58 athafnakonur, þar af 18 frá Vestfjörðum úr Mætti kvenna, sem er 11 vikna rekstrarnám fyrir konur í atvinnurekstri. Námið var í samstarfi við Símenntunarmiðstöð Vesturlands, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Farskóla Norðurlands vestra og jafnréttisráðgjafa Byggðastofnunar og byggðist á tveimur sameiginlegum vinnuhelgum á Bifröst og kennslu í fjarnámi þess á milli. Markmið námskeiðsins var meðal annars að efla atvinnulíf á landsbyggðinni á þeim

sviðum sem líklegust eru til að stuðla að vexti og uppbyggingu. Í útskriftaræðu sinni gagnrýndi Runólfur Ágústsson, rektor Viðskiptaháskólans á Bifröst, stjórnvöld fyrir að setja ekki netsamband í dreifbýli í forgang. Hann benti á að sumar þeirra kvenna sem að undanfögnu hafa stundað nám í Mætti kvenna, hefðu þurft að aka langan veg til að komast í viðunandi netsamband til að geta stunda nám sitt í fjarnámi um vef. Sérstakur gestur á athöfninni var Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra.



Vestfirski hópurinn á Bifröst.

> RÚV: 22. maí

kl. 22:40

Forseti Bandaríkjanna

Kvikmyndin Forseti Bandaríkjanna segir frá Andrew Shepherd, forseta Bandaríkjanna sem er ekkjumaður. Þegar þrjú ár eru liðin af kjörtímabili hans, veldur hann dálitlum pólitískum skjálfta. Ástæðan er sú að hann fer að vera með konu sem er þekkt fyrir að vera einarður umhverfissinni. Aðalhlutverk leikur Michael Douglas.



> Stöð 2: 20. maí

kl. 22:00

Costner og fréttir að handan

Drekafluga er dramatísk spennu- mynd þar sem yfirnáttúrulegir hlutir eru í brennidepli. Læknirinn Joe Darrow er í sárum en hann syrgir mjög eiginkonu sína sem lést þegar hún var að hjálpa hágstöðdum börnum í vanþróðu ríki. En mitt í sorginni telur Joe sig fá upplýsingar að handa. Aðalhlutverk: Kevin Costner.



> Sýn: 22. maí

kl. 13:00

Úrslitaleikur bikarkeppinnar

Manchester United og Millwall mætast í úrslitaleik ensku bikarkeppinnar á Púsaldarvelli í Cardiff. Möguleikar Lundúnaliðsins þykja hverfandi gegn stórlíði Manchester United en óvæntir hlutir hafa áður gerst á úrslitaleik í bikarkeppinni. Ljóst er að leikmenn United leggja sig alla fram til að ná einum titli í höfn á leiktímabilinu.



Krökkum umbunað fyrir góð störf

Fyrir skemmstu var haldið bekkjarkvöld hjá 6. M í Grunnskólanum á Ísafirði og var það umbun fyrir vel unnin störf krakkanna. Ákveðið hafði verið með góðum fyrirvara að halda bekkjarkvöldið og var sett upp punktakerfi fyrir ungmenntinn þannig að ef þau yrðu iðin við námsbækurnar fengju þau að gera sér dagamun þegar nógu margir punktar væru komnir. Skemmst er frá því að segja að krakkarnir sinntu heimalærdómnum af krafti og að auki skipu-

lögðu þau skemmtunina frá grunni. „Þau fengu ekki aðeins hvatningu til að læra heldur var undirbúningurinn heilmikil reynsla“, segir Halldór Hlööversson, umsjónarkennari bekkjarins. Bekkjarkvöldið hófst á íþróttavellinum á Torfnesi þar sem farið var í leiki og íþróttir. Síðan fluttu hópurnir sig yfir í félagsmiðstöð skólans þar sem var grillað en kvöldið endaði á diskóteki og pakkaleik. Glatt var á hjalla. –thelma@bb.is



6.M skemmti sér konunglega á bekkjarkvöldinu. Mynd: Þorsteinn. J. Tómasson.

Smáauglýsingar

Til leigu er 3ja herb. íbúð á eyrinni á Ísafirði. Upplýsingar í síma 690 2100.

Til sölu er 2ja herb. íbúð að Hlíðarvegi 16, neðri hæð. Uppl. í símunum 456 3928 og 456 4223.

Til sölu er 2ja herb. íbúð að Urðarvegi 78 með sérinngangi. Uppl. í síma 456 3928 og 456 4223.

Óskum eftir íbúð eða húsi til leigu á Ísafirði í júní og júlí. Helst með húsgögnum. Uppl. gefa Gunnar og Rósa í símunum 456 4236 eða 897 4236.

Til sölu er MMC Lancer, 4X4, station, árg. 96. Upplýsingar í síma 861 7845.

Á fjögur sumardekk á felgum sem passa undir MMC Lancer. Uppl. í síma 893 3240, Snorri.

Til sölu er Toyota Corolla Wagon árg. 98, ekin 63 þús. km. Uppl. í síma 866 9812.

Ársgömul, svört, blíð og barngóð Labrador tik fæst gefins á gott heimili. Uppl. í síma 4567577.

Til sölu er Musso Grand Lux árg. 99, ekin 112 þús. km. Sjálfskiptur, topplúga og dráttarbeisli. Mjög góður bíll á góðu verði. Uppl. í síma 845 2296 eftir kl. 17.

Til sölu eru þrjár skakrúllur. Uppl. gefur Síggi Hjartar í síma 892 3652.

Til sölu er Nissan Micra árg. 94. Þarfnast smá lagfæringar. Verð kr. 150 þús. Upplýsingar í síma 586 2192.

Til sölu er Orbitek stígvél á kr. 7.000. Uppl. í síma 586 2192.

Til sölu er eystrí endi Hæstakaupstaðarhússins sem áður var trésmíðaverkstæði. Uppl. gefa Sigríður og Andrés í síma 456 3466.

Til sölu eru 13" sumardekk. Uppl. í síma 456 3466.

Til sölu eru 30" notuð Sidewinder AT dekk á felgum. Passa undir Pajero. Verð kr. 70 þúsund stgr. Uppl. í síma 894 0899.

Til sölu er Subaru Legacy árg. 94. Sjálfskiptur, ekin 115 þús. km. Lítur mjög vel út. Bíllinn getur fylgt. Uppl. í síma 861 4850.

Lögfræðingur óskar eftir að taka á leigu húsnæði með húsgögnum frá 1. júní til u.þ.b. 1. júlí. Helst á eyrinni. Upplýsingar gefur Björn í síma 849 4477.

Nú á að rokka felt! Óska eftir rafmagnsgítar. Uppl. gefur Hermann í síma 895 6667 og 456 3179.

Óska eftir að kaupa Toyota Landcruiser, löngum, árg. 1986 til 1987. Má vera með bílaða vél eða vélariás. Upplýsingar í síma 869 6977.

Ertu í háskólanámi? Félag háskólanema á Vestfjörðum heldur aðalfund sinn föstudaginn 21. maí nk. kl. 18:00 í Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Allir háskólanemar á svæðinu eru hvattir til að mæta.

Gerist áskrifendur í síma

456 4560

skrifa.com

Upplýsingavefur gervihnattafólksins

Afruglarar · kort · brennarar og allt annað til að fullnýta búnaðinn.

Símar 893 5804 og 482 3929 alla virka daga frá kl. 13-23

Afli á Vestfjörðum í apríl

Steinbítsafli dregst saman

Afli á Vestfjörðum í apríl mánuði dróst saman um tæp 19% á milli ára eða um 898 tonn. Mestu munar þar um mikinn samdrátt í steinbítsafla eða um rúm 1.500 tonn. Steinbítsafli í apríl í fyrra var 2.745 tonn en aðeins 1.223 tonn á þessu ári. Á sama tíma rúmlega tvöfaldaðist þorskaflinn á milli ára fór úr 821 tonni í 1.707 tonn. Af öðrum tegundum má nefna að rækjuafli minnkaði á milli ára og fór úr 576 tonnum í 352 tonn.

Það sem af er árs hefur landaður afli aukist lítilsháttar á milli ára. Fyrstu fjóra mánuðina var landað samtals

17.539 tonnum á Vestfjörðum miðað við 17.310 tonn í fyrra. Þrátt fyrir svipað aflamagn í heild hefur orðið umtalsverð breyting á lönduðum afla einstakra tegunda. Hefur þorskaflinn til dæmis aukist úr 7.260 tonnum í 9.051 tonn og ýsuafli eykst á milli ára úr 1.701 tonni í 2.801 tonn. Steinbítsafli minnkar hinsvegar úr 4.951 tonni í 3.233 tonn. Einnig minnkar rækjuafli úr 2.324 t. í 1.166 tonn.

Af lönduðum afla einstökum höfnum á Vestfjörðum í apríl má nefna að mikill samdráttur varð á Flateyri.

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Arnar G. Hinriksson hdl.


Síllurtorgi 1 · Ísafirði · Sími: 456 4144 · Fax: 456 4243

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu. Sjá einnig www.snerpa.is/fasteignir

> RÚV: 22. maí kl. 00:30

Milli fóta þér

Milli fóta þér er spænsk spennumynd sem segir frá Miröndu sem er kynóð og heldur fram hjá mannum sínum, löggunni Javier, með nánast hverjum sem er. Hún fer í kynlífsmeðferð til að reyna ná tökum á fíkn sinni en lendir í sjóðheitu ástarsambandi við mann sem hún kynnist í meðferðinni. Aðalhlutverk: Victoria Abril.



SÆLKERI VIKUNNAR

ER EINAR GUÐMUNDSSON Í BOLUNGARVÍK

Gómsætar uppskriftir að hætti Einars stórgrillara

Sælkeri vikunnar að þessu sinni býður upp á ljúffenga rétti sem munu söma sér vel á sólpallinum í sumar eins og yfirskriftin gefur til kynna. Óhætt er að segja að réttirnir séu á suðrænum nótum og hefst máltín á ljúffengu salati sem ætti að kveikja enn betur í matarlystinni fyrir grillaðan kjúkling með kartöflumús. Franska súkkulaðikakan er svo líklega til að gera þá sem njóta að betri mönnum.

1 bréf parmaskinka
1 poki blandað salat
furuhnatur
hunangsmelóna

Setjið salatið á fjóra diska skiptið parmaskinkunni jafnt niður á þá og leggið ofan á salatið. Léttristið furhneturnar á pönnu og stráðið yfir diskana að vild. Skerið melónuna í litar kúlur sem er settar með. Að lokum er gott að raspa yfir ferskan parmesan ost til bragðbætis.

Grillaðar kjúklingabringur með kartöflumús
4-6 kjúklingabringur



1 pakki Maggi kartöflumús mjólk
4 hvítlauksgeirar
u.þ.b. 100 g parmesan ostur
ólífíuolía
sojasósa
McCormick Garlic and Herb Seasoning

Leggið bringurnar í ólífíuolíu með kryddi og skvettu af sojasósu. Best er að leyfa þeim að liggja smátíma í leginum áður en þær eru grillaðar.

Grillið bringurnar í 7 mínútur á hvorri hlið, takið inn og látið standa í u.þ.b. 10 mínútur undir álpappír. Á meðan er gott að gera kartöflumúsina. Setjið mjólk í pott og bætið innihaldi pakkans út í þegar farið er að rjúka úr henni. Þegar músin hefur þyknað er bætt út í pressuðum hvítlauk og parmesan.

Annað meðlæti sem á vel við er snöggesteikt grænmeti að vild. Gott er að hafa kalda sósu með sem gæti verið sýrður rjómi 18% með ferskum graslauk og hvítlauk smátt skornum.

Ekta frönsk súkkulaðikaka

2 dl sykur
200 g smjör
200 g suðusúkkulaði
1 dl hveiti
4 egg

Þeytið egginn og sykurinn vel saman. Bræðið smjörið og súkkulaðið saman í potti við vægan hita. Blandið hveitinu saman við egginn og sykurinn. Bætið bráðnu súkkulaðinu og smjörunu varlega út í deigið að lokum. Bakið í vel smurðu tertuformi (ekki lausbotna) við 170°C í 30 mínútur. Kakan á að vera blaut í miðjunni.

Gott er að bera kökuna fram með rjóma eða ís og jafnvel berjum.

Ég skora á dóttur mína Unu Guðrúnu til að koma með uppskrift næstu viku.

–thelma@bb.is


Síðbúin lending kríunnar

Starfsmenn Flugfélags Íslands urðu varir við það í síðustu viku að krían er komin á Ísafjarðarflugvöll, fimm dögum seinna en í fyrra. Kríugargið ómaði fyrir utan flugstöðvarbygginguna og sumar-

gestirnir háværu létu ekki framhjá neinum fara að þeir væru komnir.

„Þær eru óvenju margar núna“, segir Finnþógi Sveinbjörnsson, hjá Flugfélaginu. „Oftast verðum við varir við

eitt eða tvö kríupör á varpsvæðinu fyrstu dagana en þar sem hret var á þeim tíma sem kríurnar eru vanar að koma, hafa þær allar komið í einum hóp.“



Réttindakennurum við Menntaskólann á Ísafirði fjölgar

Brottfall nemenda minnkar

Hlutfall réttindakennara við Menntaskólann á Ísafirði hefur hækkað mjög mikið á síðustu tveimur skólaárum, eða úr 35% skólaárið 2001 til 2002 í 75% á yfirstandandi skólaári 2003 til 2004. Brottfall nemenda hefur einnig lækkað verulega á sama tíma. Eins og greint er frá á öðrum stað hér í blaðinu var hlutfall réttindakennara í framhaldsskólum


lægst í Menntaskólanum á Ísafirði fyrir tveimur árum, eða 35,3%. Á sama tíma var landsmeðaltalið um 73%.

Ólína Þorvarðardóttir skóla-meistari Menntaskólans á Ísafirði sagði í samtali við blaðið að þetta hafi verið raunveruleikinn á sínum tíma. Undanfarin tvö og hálf ár hafi hinsvegar verið unnið markvisst að því að bæta þarna úr með

þeim árangri að hlutföll réttindakennara og leiðbeinanda hafa snúist við. Í dag eru 28 kennarastöður við MÍ, þar af eru 7 mannaðar leiðbeinendur. Hlutfall réttindakennara er því orðið 75% eða yfir landsmeðaltali árið 2002.

Í skýrslu sem birt var á Alþingi á dögunum komu fram tölur um brottfall í framhaldsskólum og var brottfall úr skól-

um sem bjóða starfsnám, eins og MÍ, mun hærra en í hefðbundnum bóknámsskólum. Að sögn Ólínu hefur mikil áhersla verið lögð á að minnka brottfall nemenda með áþreifanlegum árangri. Sem dæmi má nefna að á haustönn 2001 skiluðu 17,9% innritaðra sér ekki í próf, en á síðustu haustönn hafði hlutfallið lækkað í 4,7%. – hj@bb.is



Bankaráð Landsbankans hélt 1900. fund sinn á Ísafirði á föstudag í tilefni af aldarafmæli útibúsins í bænum. Á hátíðarfundinum ákvað bankaráðið að styrkja viðgerð á minnisvarða sjómanna eftir Ragnar Kjartansson, myndhöggvara, sem hefur staðið við Eyrartún á Ísafirði en eins og kunnugt er hefur stytan verið tekin niður og á að senda utan til lagfæringar. Fundinn sátu Brynjólfur Þór Brynjólfsson, útibússtjóri á Ísafirði, Sigurjón Árnason, Kjartan Gunnarsson, Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs, Þorgeir Baldursson, Halldór J. Kristjánsson og Brynjólfur Helgason ritari bankaráðs.



Við afhjúpun skiltis á mörkum Bolungarvíkur og Ísafjarðarbæjar. Á myndinni eru Jónas Guðmundsson sýslumaður í Bolungarvík, Geir Sigurðsson rekstarstjóri Vegagerðarinnar, Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og Einar Pétursson bæjarstjóri í Bolungarvík.

Mörkin rækilega merkt

Á fimmtudag afhjúpudu bæjarstjórar Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur ný sveitarfélagaskilti á Óshlíð þar sem mörk Bolungarvíkurkaupstaðar og Ísafjarðarbæjar eru. Ráðgert er að setja upp skilti á öllum stöðum þar sem fólk kemur akandi inn í Ísafjarðarbæ.

Auk Óshlíðar verða því

sett upp skilti á Dynjandisheiði þar sem mörk Ísafjarðarbæjar og Vesturbyggðar liggja, á Súðavíkurhlíð á mörkum Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps og við Mórillu í botni Kaldalóns þar sem mörk Ísafjarðarbæjar og Hólmavíkurhrepps liggja.

– hj@bb.is



Þegar nýtt byggðamerki Ísafjarðarbæjar verður tilbúið er fyrirhugað að bæta því á skiltið sem vísar að bænum. Hér fylgist Sigurður Mar Óskarsson, bæjartæknifræðingur Ísafjarðarbæjar, með að auki.

Fæðingum á Vestfjörðum hefur fækkað mikið á undanförunum 10 árum

Frjósemi Ísfirðinga hríðfelltur

Fæðingum í Ísafjarðarbæ hefur fækkað mikið á undanförunum tíu árum. Fæðingum hefur einnig fækkað nokkuð á öðrum stöðum á Vestfjörðum. Á árinu 1994 var frjósemi Ísfirðinga og annarra Vestfirðinga yfir landsmeðaltali en á síðasta ári var frjósemi Ísfirðinga komin langt undir lands-

meðaltal og Vestfirðingar í heild eru einnig komnir undir landsmeðaltal. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands.

Á árinu 1994 voru lifandi fæddir á Vestfjörðum samtals 198, þar af 107 í þeim sveitarfélögum sem síðar mynduðu Ísafjarðarbæ. Það ár voru lif-

andi fæddir á landinu öllu 4.442 og er hlutur Vestfirðinga því 4,45% af heild. Hlutfall nýfæddra á landinu öllu það ár var 1,66% en sambærilegt hlutfall á Vestfjörðum var 2,09% og í Ísafjarðarbæ 2,2%. Var frjósemi Vestfirðinga því töluvert yfir landsmeðaltali. Mjög hefur dregið úr frjóseminni og voru fóru fæðingar á Vestfjörðum niður fyrir eitt hundrað árið 2001 en þá voru þær 92.

Á síðasta ári voru lifandi fæddir á Vestfjörðum 96 þar af 41 í Ísafjarðarbæ og hefur því fæðingum þar í bæ fækkað um tæp 62% á tíu árum. Á landinu öllu voru lifandi fæddir 4.142 á síðasta ári og er



Stærsti hluti nýfæddra Vestfirðinga kemur í heiminn á sjúkrahúsinu á Ísafirði.

hlutur Vestfirðinga því 2,31% af heild. Hlutfall nýfæddra á landinu öllu var 1,42% en sambærilegt hlutfall á Vestfjörðum var 1,2% og í Ísafjarðarbæ aðeins 0,99%. Frjósemi Vestfirðinga allra er því komin

undir landsmeðaltal og munar þar mest um minnkandi frjósemi Ísfirðinga sem hefur meira en helmingast á tíu árum.

Á árinu 1994 voru íbúar á Vestfjörðum 9.448 talsins eða

3,54% af íbúafjölda landsins. Þá voru íbúar Ísafjarðarbæjar 4.846 að tölu. Í fyrra voru íbúar Vestfjarða 7.835 eða 2,69% landsmanna. Íbúar Ísafjarðarbæjar voru 4.127 talsins í fyrra eða 1,42% landsmanna.

Ný númer

Húsasmiðjan Ísafirði hefur tekið í notkun ný númer.

Aðalnúmer	450 3300
Timbursala	450 3302
Fax verslun	450 3301
Fax timbursölu	450 3303



HÚSASMIDJAN
Sími 450 3300 • www.husasmidjan.is